



Félagarnir Kristján Jóhannsson óperusöngvari og Bjarni Frimann Bjarnason pianóleikari létu það ekki trufla sig þótt tómur væri Eldborgarsalur Hörpu í hádeginu í gær. Þar fluttu þeir nokkur vel valin lög og tónleikana mátti sjá og hlýða á á vef tónlistarhússins. Tónleikaröðin heitir Heima í Hörpu og eru viðburðir alla virka daga klukkan 11 fyrir hádeggi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Gæti virkað gegn veirunum

Íslenskt fyrirtæki þróar lyf sem gæti haft góða virkni gegn veirum. Fá niðurstöður úr fyrstu veirurannsókninni á næstu dögum. Senda lyfið til frekari rannsókna erlendis á virkni gegn SARS-CoV-2 veirunni.

VIÐSKIPTI EpiEndo Pharmaceuticals, sem þróar frumlyf gegn sjúkdómum í öndunarfærum, gæti leikið hlutverk þegar næsti veirufaraldur gengur um heiminn. Íslenska fyrirtækið hyggst senda frumlyfið til rannsóknarstofa sem eru með sýni af SARS-CoV-2 veirunni.

Nýlegar niðurstöður úr athugun í Frakklandi benda til þess að blanda malariulyfs og sýklalyfsins Azithromycin (Zitromax) hafi góða virkni gegn COVID-19-sjúkdómnum. Zitromax er eitt af fáum lyfjum

sem bæla niður þráláta sjúkdóma í öndunarfærum en það er ekki notað í þeim tilgangi vegna hættu á myndun ónæmra bakteríustofna gegn sýklalyfinu. EpiEndo hefur hins vegar fjarlægt eiginleika lyfsins sem drepa bakteríur án þess þó að draga úr öðrum eiginleikum þess.

„Sjálfsagt verður Zitromax notað í einhverjum mæli til að bregðast við faraldrinum en það er skammtímalausn. Okkar lyf gæti orðið sjálfbær lausn sem hægt er að nota á stórum skala til lengri tíma,“ segir Fredrik



Okkar lyf gæti orðið sjálfbær lausn sem hægt er að nota á stórum skala til lengri tíma.

Fredrik Lehmann, forstjóri EpiEndo



Lehmann, forstjóri EpiEndo. Hann tekur fram að fyrirtækið sé ekki að þróa lyf við kórónaveirunni heldur að athuga hvort það hafi virkni gegn veirusjúkdómum í víðari skilningi.

EpiEndo á von á niðurstöðum úr fyrstu veirurannsókn sinni á næstu dögum. Þar voru rannsökuð áhrif lyfsins gegn RS-veirunni sem veldur skæðri lungnabólgu í börnum. Stjórnendur EpiEndo gera sér væntingar um að lyfið fái samþykkt fyrir sjúklinga sem eru hvað lengst leiddir 2025. – þfh / sjá Markaðinn

Hækkun launa verði frestað

VIÐSKIPTI Ásta S. Fjeldsted, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir að í ljósi aðstæðna ætti að slá á frest fyrirhuguðum launahækkunum á almennum vinnumarkaði sem eiga að taka gildi um komandi mánaðamót, að minnsta kosti fram á árið.

„Að óbreyttu mun launakostnaður hækka um tugi milljarða miðað við fyrirbyggjandi launahækkunir. Hafa íslensk fyrirtæki efni á því í núverandi árferði? Einfalda svarið við þeirri spurningu er: Nei,“ segir Ásta í aðsendri grein í Markaðnum.


Telur hún að launahækkunir á tímum þegar fjölmörg fyrirtæki eigi á hættu að fara í gjaldþrot á næstu mánuðum muni auka enn á atvinnuleysið. – hae / sjá Markaðinn

Besta uppskeran núna!

Krónan mælir með!

KRÓNAN

Veður



Suðvestlægátt, 5-13 m/s og él, en úrkomumeira á Vestfjörðum framan af degi. Bjart að mestu A-lands. Bætir síðan heldur í vind og éljagang. Hiti víða 0 til 4 stig að deginum, en frost 0 til 5 stig norð-austan til. **SJÁ SÍÐU 16**



Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Undanþágur frá samkomubanni

COVID-19 Heilbrigðisráðuneytið veitti í gær fyrirtækjum í stóriðju, sjávarútvegi, matvælaframleiðslu og annarri starfsemi, sem sögð er mikilvæg, undanþágu frá hina herta samkomubanni.

Um er að ræða undanþágur frá því að ekki séu fleiri en tuttugu sem koma saman í einu og því að minnst tveggja metra bil sé milli manna.

„Undanþágur eru því aðeins veittar að afar brýnir hagsmunir liggi að baki sem varði velferð almennings og þjóðarhag,“ segir í tilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu. Flestum beiðnum hafi verið hafnað.

Undanþágurnar eru sagðar veittar eftir samráð við sóttvarnalækni, almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og Matvælastofnun og bundnar ströngum skilyrðum. Horft sé til viðmiða sóttvarnalæknis við veitingu undanþága frá sóttkví. „Þau felast í því að um sé að ræða samfélagslega ómissandi innviði sem mega ekki stöðvast vegna lífsbjargandi starfsemi, svo sem raforku, fjarskipta, samgangna, heilbrigðisstarfsemi, löggæslu, sjúkraflutninga og slökkviliða.“

Þá getur önnur kerfislega og efnahagslega mikilvæg starfsemi fengið undanþágu til að tryggja innviði, sorphirðu, aðföng, matvælaframleiðslu, flutninga matvæla, lyfja og annarra nauðsynjavara eða efnahagslegt öryggi ríkisins með útflutningi. – gar

Frisbíinu er kastað



Þótt æfingar á vegum íþróttafélaga liggi nú að langmestu leyti niðri og fólk megi ekki standa nálægt hvert öðru þurfa þeir spræku ekki að liggja iðjulausir heima. Á Klambratúni í gær undi frísbíggjari hag sínum vel í því rysjóta veðri sem gekk þá yfir höfuðborgarsvæðið. Og nú er loks útlit fyrir að veturinn líní tók sín örlítið því spár sýna að frostið gefi smám saman eftir, sérstaklega er kemur fram í næstu viku. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Gefa út ráð fyrir búðarferðina

COVID-19 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur gefið út 8 ráð fyrir ferð í matvöruverslun vegna COVID-19. Þvo hendur fyrir og eftir, með volgu vatni og sápu í 20 sekúndur. Nota handspritt áður og eftir snertingu við snertifleti, svo sem handföng á

» Gera innkaupalista til að gera ferðina skilvirkari og fljótari.

kerrum. Forðast snertingu við andlit. Halda tveggja metra fjarlægð frá öðrum viðskiptavinum. Fara eftir umgengnisreglum sem hanga uppi í verslunum og sjálfsafgreiðslubörum. Fara sem sjaldnast og bjóðast til að fara fyrir fólk í áhættuhópi. Gera innkaupalista til að gera ferðina skilvirkari og fljótari. Þá er varað við því að hanskar komi ekki í staðinn fyrir góðan handþvott. – khg

Skólastarf að breytast á mjög jákvæðan hátt

Fyrir rúmri viku ákváðu skólastjórnendur að loka Háteigsskóla eftir að smit greindist hjá þremur starfsmönnum. Reynslan af fjarkennslu er framar björtustu vonum skólastjórnenda sem telja að skref hafi verið stigin til framtíðar.

MENNTAMÁL Það er snúið verkefni að umbylta kennsluháttum í fjölmönnum skóla á nokkrum dögum. Stjórnendur Háteigsskóla stóðu þó frammi fyrir því þegar skólanum var lokað skyndilega vegna COVID-19 smits starfsfólks. Með litlum fyrirvara þurfti að samhæfa alla kennara og stjórnendur skólans og hefja fjarkennslu fyrir um 460 nemendum. „Það skipti sköpum að við vorum að miklu leyti tilbúin. Við byrjuðum síðasta haust að innleiða fjarkennslu á unglingastigi í gegnum Google Classroom sem hefur gefið góða raun,“ segir Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri Háteigsskóla.

Sú kennsla var síðan nýlega yfirfærð yfir á bekkjardeildir á miðstigi en við skyndilega lokun skólans urðu síðan allar deildir að fara að nýta tæknina í fjarkennslu.

„Fyrirvarinn var skammur en við náðum að setja upp ágætt skipulag. Allir umsjónarkennarar fundu daglega með sínum nemendum í gegnum Google Hangouts meet og þeir fá síðan verkefni sem hæfa þeirra aldri,“ segir Guðfinna Hákonardóttir, verkefnastjóri nýsköpunar í Háteigsskóla.

Arndís og Guðfinna eru sammála um að breytt skipulag hafi gengið mun betur en þær þorðu að vona og hafi í raun gefið skólastjórnendum nýja sýn á skólastarfið.

„Það hefur verið gaman að upplifa hvað þessi kynslóð nemenda er fljót að gripa tæknina. Einnig hefur þessi reynsla sýnt okkur að við vanmetum í sumum tilvikum hvað þessir krakkar eru færir og tilbúnir að halda utan um sitt nám sjálfir,“ segir Arndís.



Um 460 nemendum Háteigsskóla er kennt í gegnum netið. FRÉTTABLAÐID GVA

Við munum koma út úr þessu á talsvert öðrum stað heldur en þar sem við byrjuðum.

Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri Háteigsskóla



Hún segist sannfærð um að skólastarfið verði ekki samt eftir að kórónafaraldurinn verði yfirstaðinn.

„Við munum koma út úr þessu á talsvert öðrum stað heldur en þar sem við byrjuðum. Við eigum að nýta okkur tæknina og kosti hennar í kennslu en ekki að einblína

Fyrirvarinn var skammur en við náðum að setja upp ágætt skipulag.

Guðfinna Hákonardóttir, verkefnastjóri nýsköpunar í Háteigsskóla



á neikvæðu þættina,“ segir Arndís. Guðfinna tekur undir þessi orð og segir að skólastarfið hafi tekið stórt stökk síðustu daga.

„Það er kannski við hæfi að líkja þessari reynslu við tölvuleik. Þessar aðstæður hafa gert það að verkum að við höfum farið upp um mörg borð,“ segir Guðfinna.

Hefur þú prófað nýju kjúklingasteikurnar?



NÝTT OG SPENNANDI

FRÁ HOLLA

HOLLA
KJÚKLINGUR



Áfram opið þó dyrunum sé lokað



Í ljósi aðstæðna eru viðskiptavinir vinsamlega beðnir um að nýta sér stafrænar lausnir fyrir alla helstu bankapjónustu. Dyrum á útibúum bankans verður lokað, en við verðum þó til staðar fyrir þá viðskiptavini sem þurfa þjónustu í brýnni nauðsyn.

Viðskiptavinir geta bókað tíma í símaráðgjöf á vef Íslandsbanka en auk þess bendum við viðskiptavinum á að hægt er að nýta sér netspjall bankans eða hafa samband í 440-4000. Forsvarsmönnum fyrirtækja er bent á að hafa beint samband við sína tengiliði innan bankans.



Í Íslandsbankaappinu er hægt að sinna öllum helstu bankaviðskiptum eins og að greiða reikninga, millifæra, sækja um lán, dreifa greiðslum og sækja PIN-númer.

Við vonumst til að geta opnað útibúin aftur eins fljótt og hægt er en viljum með þessu vernda bæði starfsfólk og viðskiptavini í þessu sameiginlega verkefni okkar allra.

Islandsbanki.is



FRÉTTABLAÐID.IS

1 Veirusmit eða eitrun líklegur valdur kanínudauða. Meindýraeyðir borgarinnar hefur hirt um 50 kanínuhræ í Elliðaárdal undanfarna daga.

2 „Erfitt að segja hvort við séum að stefna í verstu spá.“ Sóttvarnalæknir greindi frá því að nýjustu tölur bentu til áframhaldandi uppsveiflu faraldursins.

3 „Leyfum rekstraraðilunum að ákveða hvort skellt verði í lás.“ Smáralindin mun ekki loka nema rekstraraðilar búðanna í verslunarmiðstöðinni komi sér saman um þá ákvörðun.

4 Búið að fresta Ólympíuleikunum um ár. Forsætisráðherra Japans staðfesti í dag að Japan og Alþjóðaólympíunefndin hefðu komist að samkomulagi um að fresta Ólympíuleikunum í Tókýó um eitt ár.

5 Bjóða upp á „snertilaus“ starfsviðtöl. „Í ljósi aðstæðna í dag erum við að sjá miklar breytingar bæði í atvinnulífi og starfsumhverfi okkar.“

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

Mál falla hvorki niður né fyrir

COVID-19 Kórónaveirufaraldurinn hefur lítil áhrif haft á afkastagetu Embættis héraðssaksóknara. Helmingur starfsmanna embættisins vinnur nú heima, er það gert til að missa ekki allt starfsfólk í sóttkví í einu ef það greinist smit meðal starfsmanna. Er þetta fyrirkomulag sambærilegt hjá mörgum opinberum stofnunum.

„Það er allt gert til að viðhalda örofa starfsemi,“ segir Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari. Telur hann ekki að mál verði felld niður eða fyrirsmítt vegna faraldursins, enn sé þó of snemmt að segja til um afleiðingarnar á starfsemi. Mörg mál eru nú til rannsóknar, þar á meðal Samherjamálið. Vildi Ólafur ekki tjá sig um einstök mál. – **ab**

Biðlað til blóðgjafa sem hafa fækkað komum sínum

COVID-19 Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir hjá Blóðbankanum, segir að blóðgjöfum hafi fækkað undanfarnar tvær vikur. Birgðastaðan sé þó enn ágæt og vel fylgst með á hverjum degi.

Dæmi er um 30 til 40 prósent minnkun í sumum löndum vegna COVID-19, en víða er í gangi útgöngubann. Það eigi ekki við hér. „Við erum að koma skilaboðum til okkar virku blóðgjafa að þeir haldi

áfram að koma,“ segir Sveinn. „Hér er vel hugað að öllu, aðstöðu og fjarlægð á milli fólks. Þetta er öruggur staður til að koma á.“

Áhersla er lögð á að blóðgjafar bóki sig, til að allt gangi smurt. Þá eru ýmsar varúðarráðstafanir í gildi, svo sem að ekki megi gefa fyrr en 14 dagar hafa liðið frá upphafi sóttkvíar eða ferðalagi á áhættusvæði.

„Þessi tegund af veiru er ekki þekkt að því að valda blóðbornum

Þessi tegund af veiru er ekki þekkt að því að valda blóðbornum sjúkdómum.

Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir



sjúkdómum og engin tilvik þekkt þar sem sjúkdómur má rekja frá blóðgjafa til sjúklings. Við gerum þó þessar varúðarráðstafanir.“

Samkvæmt Sveini kallar faraldurinn enn sem komið er ekki á fleiri blóðgjafi. Í sumum tilvikum þurfa sjúklingar, sýktir af COVID-19 sem eru í svokölluðum hjarta-lungnaveikum, á blóðhlutum til stuðnings, en ekki hefur reynt á það hérlandis. – **kgh**

Aðgerðum frestað fram í júní

Allar valkvæðar skurðaðgerðir falla niður fram í júní. COVID-19 smit kom upp á Klíníkinni. Sýkingar á einkastofum auka álag á Landspítala segir Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Læknastöðvarinnar.

HEILBRIGÐISMÁL „Hjá okkur verða aðeins gerðar bráðaðgerðir sem þola alls ekki átta vikna bið,“ segir Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Læknastöðvarinnar. Þar eru eingöngu framkvæmdar bæklunar- aðgerðir. „Það er einn skurðdagur hjá okkur áætlaður fyrir páska. Læknarnir eru að fara yfir lista yfir sjúklinga og meta hvað má alls ekki biða.“

Á sunnudaginn féllst Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra á erindi Landlæknis um að öllum valkvæðum skurðaðgerðum verði hætt frá þessari viku til 31. maí næstkomandi. Á þetta bæði við um aðgerðir á sjúkrastofnunum sem og hjá einkaaðilum.

Fram kom í tilkynningu embættisins að það sé liður í því að endurskipuleggja heilbrigðisþjónustuna til að hægt sé að sinna sjúklingum með COVID-19.

„Er þá annars vegar horft til þess að draga úr smíthættu og hins vegar að afstýra hugsanlegum sjúkráhusinnlögnum sem geta fylgt sumum þessara aðgerða sem ákveðið hefur verið að fresta,“ segir í tilkynningu embættisins.

Einstaklingur greindist með veiruna sem veldur COVID-19 eftir að viðkomandi var í meðferð hjá Klíníkinni. Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis gátu starfsmenn á Klíníkinni ekki vitað að þessi hættu væri fyrir hendi þegar viðkomandi var þar til meðferðar. Ekki náðist í Hjálmar Þorsteinsson, framkvæmdastjóra Klíníkurinnar, við vinnslu fréttarinnar.

Dagný segir að starf Læknastöðvarinnar leggjast niður að mestu fram í júní. Er viðbúið að biðlistar komi til með að lengjast.

„Við munum gera allt sem í okkar



Læknastöðin býst við að skera upp fyrir páska þá sjúklinga sem ekki geta beðið í átta vikur. FRÉTTABLAÐID/GVA

valdi stendur þegar við getum opnað aftur,“ segir Dagný. „Auðvitað mun þetta koma niður á okkar sjúklingum. Þá má eitthvað biða og við erum alltaf tilbúin að leggja hönd á plóg.“

Uppi hafa verið hugmyndir um að einkastofur bjóði fram aðstöðu sína til að létta undir með Landspítalanum.

„Því hefur verið komið á framfæri við yfirvöld að við séum tilbúin að opna okkar starfsstöðvar til þess að aðstoða. Það yrði þá hvað sem

Þegar upp kemur sýkingartilfelli þá þarf viðkomandi að leggjast inn á Landspítalann.

Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Læknastöðvarinnar



hentaði best. Okkar læknar gætu létt undir, við erum til í að skoða allt þegar kallið kemur,“ segir Dagný. Þetta komi ekki á óvart, því það sama hafi verið að gerast í nágrannalöndum okkar.

„Þegar upp kemur sýkingartilfelli þarf viðkomandi að leggjast inn á Landspítalann. Hjá okkur eru þau afar fá en ef það kæmi upp sýking þá myndi það auka álagið á starfsemi þar, það viljum við ekki,“ segir Dagný. arib@frettabladid.is

Fjórtán hundruð í sóttkví á sólarhring

COVID-19 Í gær bættust 60 manns í hóp smitaðra, og eru tilföllin nú orðin 648. 56 hafa náð bata en eins og Fréttablaðið greindi frá í gær lést kona á Landspítalanum vegna COVID-19 á mánudag. Eins og fram kemur í tilkynningu frá Landspítalanum var konan líðlega sjötug að aldri og hafði glímt við langvarandi veikindi.

Nú dvelja 11 manns á sjúkrahúsi vegna farsóttarinnar, tveir á gjörgæslu en enginn í öndunarávél.

Rúmlega 8.200 manns eru nú í sóttkví á heimilum sínum, sem er aukning um 1.400 manns á aðeins einum sólarhring.

Allir sem greindust í gær voru greindir á veirufraeðideild Landspítalans, og voru um 16 prósent af þeim sem voru prófaðir. Á blaðamannafundi almannavarna í gær sagði Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir að samkvæmt reikniliðan Háskóla Íslands væri meðalaukning tilfella ein sú minnsta í



Víðir og Þórólfur á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Evrópu. „Þetta styður okkur í þeim aðgerðum sem við höfum verið að grípa til,“ sagði hann.

Skortur hefur verið á sýnatökupinum sem hefur leitt til þess að skilyrði hafa verið hert hjá Land-

spítala. Þá hefur skimun Íslenskrar erfðagreiningar stöðvast vegna skortsins. Verið er að kanna hvort 20 þúsund pinnar í eigu Össurar virki til greiningar en þeir voru gerðir í öðrum tilgangi. – **kgh**

Þjáist þú af augnþurrki?

20% afsláttur af augnúða

Augnúði til að minnka augnþurrk t.d. vegna mikillar skjánotkunar.

LYFSALINN GLÆSIBÆ

GLIDIR TIL 08.04.2020

LYFSALINN GLÆSIBÆ
Alfheimur 74 104 Reykjavík
Sími 517 5500
www.lyfsalinn.is
lyfsalinn@lyfsalinn.is

OPNUNARTÍMI
Mán.- fös. kl. 08:30-18:00
og lau. kl. 10.00-14.00



Bankþjónusta með breyttu sniði

Þjónusta Landsbankans fer nú fram í síma og með rafrænum hætti. Við sinnum aðeins brýnum erindum í útibúum eftir tímapöntunum og hvetjum viðskiptavinum okkar til að nota símann, netbanka, netspjall og Landsbankaappið.

Nánari upplýsingar eru á landsbankinn.is.

Þú getur gert næstum allt á netinu

Við hvetjum þig til að nota rafræna þjónustu ef þú getur, en öll almenn bankþjónusta er alltaf til staðar í netbankanum og Landsbankaappinu. Ef þú átt snjallsíma eða snjallúr hvetjum við þig líka til að nota snertilausar greiðslur til að forðast snertingu við posa og skiptimynt.


Þú finnur góð ráð um bankþjónustu með breyttu sniði á landsbankinn.is/god-rad.



Þú getur alltaf fengið ráðgjöf í síma

Ef þú vilt ræða við ráðgjafa getur þú alltaf pantað símtal. Þú getur haft samband í netspjallinu á landsbankinn.is eða með tölvupósti á netfangið landsbankinn@landsbankinn.is.

Þjónustuver okkar tekur einnig á móti fyrirspurnum frá einstaklingum og fyrirtækjum alla virka daga kl. 9–16 í síma 410 4000.



Við erum til staðar til að leysa úr málum

Ef þú lendir í greiðsluerfiðleikum hvetjum við þig til að hafa samband. Við gerum okkar besta til að koma til móts við einstaklinga og fyrirtæki vegna óvæntra aðstæðna. Þú finnur upplýsingar og svör við algengum spurningum um úrræði fyrir einstaklinga og fyrirtæki á landsbankinn.is.



Bann á þriðjung allra jarðarbúa

ERLENT Rúmlega einn af hverjum þremur jarðarbúum býr nú við einhvers konar útgöngu- eða samkomubann vegna COVID-19 faraldursins.

Samkvæmt útreikningum The Guardian frá því fyrr í vikunni voru 1,7 milljarðar í útgöngu- eða samkomubanni.

Í gær tilkynnti Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, útgöngubann þar í landi, undir það falla 1,3 milljarðar.

Alls tók 67 daga þar til staðfest tilfelli veirunnar voru orðin hundrad þúsund. Tók það aðeins fjóra daga til viðbótar þangað til tilfellin voru orðin tvö hundruð þúsund.

Samkvæmt vef John Hopkins spítala voru nærri fjögur hundruð þúsund staðfest smit í heiminum í gær. Kínverjar hafa tilkynnt að ferðabanni í Hubei-héraði verði aflétt þann 8. apríl næstkomandi. Borgin Wuhan, þar sem veiran á upptök sín, verður hins vegar áfram lokað þó svo að íbúar þar megi nú fara til vinnu.

Fyrir utan Kína hefur ástandið verið hvað verst á Ítalíu, þar hafa greinst 63 þúsund smit. Þá hafa meira en sex þúsund látist. Þar hefur hægt á fjölda smita síðustu daga, 6.600 smit greindust á laugar- dag, 5.600 á sunnudag og 4.800 á mánudag.

Angelo Borrelli, yfirmaður almannavarna á Ítalíu, sagði við La Repubblica í gær að tölur næstu daga muni gefa til kynna hvort smitum sé í raun að fækka eða ekki. –ab

Troðið í túbunni



Sem fyrr var ákaflega troðið í neðanjarðarlestakerfi Lundúna í gær og smitleiðir margar fyrir kórónaveiruna. Boris Johnson forsætisráðherra tilkynnti sama dag um hertari aðgerðir. Mega Bretar nú aðeins fara út til að vinna, kaupa nauðsynjar og hreyfa sig einu sinni á dag. MYND/GETTY

Heimilislausir og fólk í fíknivanda í betra færi

Starfsemi Frú Ragnheiðar er með breyttu sniði vegna COVID-19. Áhersla er á að koma upplýsingum um sjúkdóminn til skjólstaðinga. Fleiri leita í gistiskýli og auðveldara er að ná til þessa hóps með aðra heilbrigðisþjónustu.

COVID-19. „Fyrirmæli frá yfirvöldum þar sem lögð er áhersla á að halda sig heima, einangra sig og huga vel að hreinlæti eru fyrirmæli sem ná illa til okkar markhóps, sem eru heimilislausir og einstaklingar með vímuefnavanda,“ segir Elísabet Brynjarsdóttir, starfandi hjúkrunarfræðingur hjá Frú Ragnheiði.

Frú Ragnheiður er sjálfboðaverkefni sem býður fólki sem notar vímuefni í æð upp á skaðaminnkandi þjónustu, svo sem nýjar nálar. Elísabet segir áherslur Frú Ragnheiðar hafa breyst vegna COVID-19 faraldursins og að lögð sé áhersla á að koma upplýsingum um sjúkdóminn til þess hóps sem þangað leitar.

„Almennt þá hefur þessi hópur öðruvísi heilsulæsi og það er nauðsynlegt að tala þeirra tungumál þegar verið er að miðla upplýsingum,“ segir Elísabet. Allir sem leiti til Frú Ragnheiðar fái afhent bréf með upplýsingum tengdum COVID-19.

„Við förum yfir innihald bréfsins munnlega með okkar skjólstaðingum og þar eru upplýsingar um stöðuna, smitleiðir og einkenni COVID-19,“ segir Elísabet. „Svo skimum við alla eftir einkennum og ef það er grunur um smit þá bjóðum við viðkomandi stuðning og hjálp við að komast í tengingu við heilbrigðiskerfið.“ Smit hefur ekki fundist.

Þá segir Elísabet þann hóp sem nýtir sér starfsemina hafa skertan aðgang að heilbrigðiskerfinu. „Ástæðurnar geta verið margar, bæði fordómar, opnunartími og samgöngur svo eitthvað sé nefnt.“

Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri meðferðaráttaks heilbrigðisyfirvalda gegn lifrabólgu C,



Ekki einni vakt hefur verið aflýst vegna veirufaraldursins. MYND/ADSEND

tekur undir orð Elísabetar. „Okkar skjólstaðingahópur, sjúklingar með lifrabólgu C, eru oft þeir sem eru illa settir í samfélaginu, heimilislausir eða í vímuefnaneyslu svo þeir eru kannski viðkvæmari fyrir smiti og afleiðingum þess að smitast af COVID-19,“ segir hún.

Þessi hópur leitar síður á sjúkrahús og á erfiðara með að einangra sig,“ bætir Ragnheiður við.

Frá 2016 hefur staðið yfir áttak um að útrýma lifrabólgu C á Íslandi, Ragnheiður segir að náðst hafi til yfir 90 prósent þeirra sem smitast hafa af sjúkdóminum. „Við erum núna fyrst og fremst að vinna í þessum áhættuhópi, sem er fólk í mjög virkri neyslu,“ segir hún. Erfitt geti verið að ná til þessa hóps.

„Við ákváðum núna í þessum aðstæðum í samfélaginu að reyna að ná til þessa hóps. Nú eru aðstæður þannig að þessi hópur er lengur

inni í gistiskýlunum og við munum bjóða þeim upp á skimun fyrir lifrabólgu C og meðferð í kjölfarið ef smit finnst,“ segir hún en líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa gisti- og neyðarskýli borgarinnar þurft að breyta starfsháttum sínum. Í gistiskýlinu á Lindargötu dvelur nú minni hópur sem er í áhættuhópi vegna COVID-19.

„Það er ekkert nýtt fyrir okkur að bjóða upp á skimanir fyrir lifrabólgu C en nú höfum við tækifæri til að ná til hóps sem okkur hefur reynst erfitt að ná til. Við stöndum frammi fyrir því að vímuefnaneysla í æð virðist vera að aukast samkvæmt tölum frá Vogu og þar með erum við að sjá talsvert af endursmiti sem og nýjum smitum. Tilgangurinn með skimuninni er því sá að finna þessi smit og veita meðferð,“ segir Ragnheiður. birnadrofn@frettabladid.is

Aðalfundur VM

Aðalfundi VM - Félags vélstjóra og málmtæknimanna sem fram átti að fara þann 27. mars nk., hefur verið frestað um óákveðinn tíma



RÝMI
OFNASMIDJAN



METALSISTEM®

Gott verð og góð þjónusta

Nú fæst **METALSISTEM®** hillukerfið í Rými



Rými Ofnasmiðjan | Gylfaflöt 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is

Ennþá meira úrval af listavörum

WorkPlus
Strigar frá kr. 195



Kolibri penslar
Handgerðir þýskir penslar
í hæsta gæðaflokki
á afar hagstæðu verði



kolibri®

Kolibri trönur
í miklu úrvali, gæða-
vara á góðu verði



AMSTERDAM
dream + create

van Gogh
The Quality Brand

REMBRANDT
The Professional Choice



Listverslun.is



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

SKOÐUN

Frelsið



Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Í stjórnarskránni segir að allir sem dveljast löglega í landinu séu frjálsir ferða sinna og ráði búsetu sinni. Þeim sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa og eigi rétt á að safnast saman vopnlausir. Þetta má ekki lengur.

Fæst okkar hafa áður reynt á eigin skinni samþærilega skerðingu á þessum og öðrum grundvallarréttindum sem við veltum svo sjaldan fyrir okkur í hversdeginum. Við búum við skert persónulegt frelsi í bókstaflegri merkingu, við megum ekki snertast og ekki deila rými saman nema í mjög litlum hópi. Við megum ekki fjölmenna á Austurvelli og megum ekki reka „ónauðsynlega“ búð. Próffessor má eiga von á að vera fluttur á skúringadeild, reyndar á óskertum prófessorslaunum en ekki strípuðum Eflingartaxta.

Fæst okkar hafa heldur upplifað og fundið annan eins samtakamátt meðal íslensku þjóðarinnar, bestu þjóðaráttakspjóð í heimi, sem veitir þegjandi og hljóðalaust samþykki fyrir tímabundinni röskun á þessum stjórnarskrárbundnu réttindum.

Viða um heim þurfa einstaklingar að sæta enn frekari frelsisskerðingum og þjóðarleiðtogar valda hlutverki sínu vægast sagt misvel í þessum þrengingum. Ólík viðbrögð stjórnvalda sýna hve mikilvæga ákvörðun kjósendur taka í kjörklefanum þegar þau velja fólk og flokka til að stýra ríkjum, borgum og bæjum. Það er sannarlega okkar lán að hafa þrátt fyrir allt ekki kosið fullkomlega vanhæfa fábjana til að stýra landinu þetta kjörtímabil, þótt við höfum auðvitað ýmsar skoðanir á því hvort aðrir flokkar ættu frekar að sitja í ríkisstjórn. Við hömstrum klósettappir og þurrger en ekki byssukúlur og drykkjarklór.

Stærsta ábyrgðarhlutverk stjórnvalda, sem þurfa að skerða grundvallarréttindi tímabundið, er að gleyma því ekki eina mínútu að það er einmitt það sem þau eru að gera. Gleymist það, missa þau trúnað fólksins og friðurinn er úti.

Grundvöllur samtakamáttar þjóðar sem gengst möglunarlaust undir fordæmalaus frelsisskerðingu og einangrun byggir á alveg sérstakri tegund trausts til stjórnvalda. Það traust þurfa þau að ávinna sér og viðhalda á hverjum degi sem ástandið varir – og vonandi halda því áfram ef því lýkur einhvern tímann.

Því þótt stuðningur við ríkisstjórnina hafi aukist um fjórtán prósent milli mánaða styður hana enn aðeins rúmur helmingur landsmanna. Sum okkar treysta af því við getum hreinlega ekki annað. Við sitjum saman í bátnum. Farsótt geisar og það eru sameiginlegir hagsmunir okkar allra að halda friðinn á meðan þetta gengur yfir.

Þetta ættum við sjálf að hafa á bak við eyrað þegar við hneykslumst á konunni fyrir aftan okkur í röðinni í Bónus fyrir að vaða inn í okkar glænýja tveggja metra einkarými. Hún hefur búið í frjálsu lýðræðisríki alla sína ævi. Ekki skamma hana fyrir að gleyma því augnablik að hún hefur verið svipt persónufrelsi sem hún hefur alla tíð talið til sjálfagðra mannréttinda. Ekki kлага hana fyrir dómsvaldi samfélagsmiðlanna eða siga lögreglunni á hana. Hlökkum frekar til þegar við megum aftur gera það sem okkur sýnist.



Við hömstrum klósettappir og þurrger en ekki byssukúlur og drykkjarklór.

Til sölu er orlofshús til brottflutnings

Húsið er í Reykjaskógi í Biskupstungum og er svokallað A-hús með lágum veggjum á langhlið og bröttu þaki. Húsið stendur á steiptum súlum og er byggt árið 1982. Það er 58 fm að gólfleti, við það á palli stendur skýli sem er 8,5 fm. Húsið skiptist í stofu, borðstofu og eldhús í sama rými. Þá eru tvö svefnherbergi í húsinu ásamt svefnlofti yfir herbergjum. Hluti af húsi er viðbygging en í henni er það og forstofa. Húsið skal fjarlæggt í síðasta lagi **8. maí** næstkomandi og skal kaupandi gera það á sinn kostnað.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Sameykis stéttarfélags í almannabjónustu, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík fyrir kl. 14.00, 3. apríl 2020.

Frekari fyrirspurnir skulu sendar á asaclausen@sameyki.is. Áskilin er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.



Halldór



Frá degi til dags

Afbreyting

Sem betur fer hefur vöruskortur ekki gert vart við sig í verslunum. Það er hins vegar farið að bera á afþreyingarskorti inni í sóttkvíabælum landsmanna. Það eru takmörk fyrir því hvað er hægt að stara á Netflix og gamla þætti. Nú væri mjög gott ef það væri hægt að klára eitthvað af þessu sem hefur verið boðað í gegnum tíðina. Það má gjarnan klára myndina um Stein Steinarr sem búið er að boða margsinnis allt frá árinu 2002. Svo má líka henda í loftið þáttunum um Ráðherrann sem voru teknir upp í fyrra. Svo ef einhvern tímann hefur verið þörf fyrir Ísflíxið hans Ingva Hrafns þá er það núna.

Klór í síder

Skottulæknar og snákaolíusölumenn láta ekki sitt eftir liggja í faraldrinum. Fólk sem á góðum degi heldur að rósa-bláðadropar hafi einhver áhrif á stoðkerfið er án efa þessa dagana að hella í sig einhverri mosamixtúru og dreifa heilunarsteinum um íbúðina. Ef eitthvað töfralýsi og undramjólklætur fólki liða betur þá er það bara fint. Það er öllu verra þegar hræðsla fólks verður til að einhverjir verði fyrir skaða. Þið vitið hver þið eruð, þið sem eruð að hvetja fólk til að drekka klór blandaðan í síder. arib@frettabladid.is

Gengið á orlofsdagana



Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM.

Foreldrar barna á leik- og grunnskólaaldri neyðast margir til að ganga á orlofsdagana sína vegna skertrar skólagöngu barna. Ekki þarf að fjölyrða um ástæðurnar. Kórónaveirufaraldurinn hefur sett samfélagið úr skorðum og öll erum við að glíma við afleiðingar hans með einum eða öðrum hætti. Stjórnvöld hafa nú þegar gripið til aðgerða og munu greiða hlutabætur með starfsfólki í skertu starfshlutfalli til mailoka. Einnig fá þau laun sem þurfa að fara í sóttkví. Eftir stendur að kjör foreldra leik- og grunnskólabarna munu versna við þessar aðstæður.

BHM skorar á vinnuveitendur að taka tillit til foreldra leik- og grunnskólabarna sem ekki geta sinnt störfum sem skyldi vegna skertrar kennslu í skólum landsins. Margir foreldrar reyna að sinna fjarvinnu ásamt því að annast heimakennslu barna sinna. Það gefur augaleið að slíkt getur reynst flókið og umönnun yngstu barnanna þarf að njóta forgangs á heimilinu. Við þessar aðstæður gengur launafólk á orlofsrétt sinn og er jafnvel að taka launalaust leyfi frá vinnu. Eins og alltaf þegar að kreppir þá finna hóparnir sem standa lakast efnahags- og félagslega mest fyrir samdrættinum. Einstæðir foreldrar eru þar augljóslega í verri stöðu en aðrir. Það er með öllu óviðunandi.

BHM biðlar því til stjórnenda fyrirtækja og stofnana að koma til móts við það starfsfólk sem glímir við þessar aðstæður og greiða því full laun á meðan samkomubann gildir hér á landi. Með því móti sýna atvinnurekendur samfélagslega ábyrgð í verki. Það mun án nokkurs vafa skila sér til baka þegar til langs tíma er litið.

Öll getum við lagst á eitt um að létta þessar vikur fyrir fólkið, fyrirtækin og heimilin í landinu. Þegar það versta er yfirstaðið verður gott að geta litið um öxl fullviss um að allt hafi verið gert til að tryggja atvinnuöryggi, rekstur fyrirtækja og almenna velferð landsmanna á tímum COVID-19 heimsfaraldursins.



Einstæðir foreldrar eru þar augljóslega í verri stöðu en aðrir. Það er með öllu óviðunandi.

Íslenskur stuðningur við hryðjuverkasmöt



Stefán Karlsson
stjórnmála-
fræðingur og
guðfræðingur.

Leiðara Morgunblaðsins frá 7. mars síðastliðnum er Tyrkjum hælt fyrir afskipti sín af mál-efnum Sýrlands og fyrir að verja Idlib eins og það er orðað. Með þessum skrifum afhjúpar leiðarahöfundur sig sem skoðanabróður talsmanna hryðjuverkasmatakanna Al Nusra og Al Kaída í Sýrlandi. Þeir hafa hrósað Erdogan í hástert og þakkað honum fyrir að styðja og vernda samtökin og önnur samtök jihadista sem eru að reyna að steypa veraldlegum stjórnvöldum í Sýrlandi. Þessi hryðjuverkasmöt eiga sér líka hauka í horni í aðalritara NATO, Jens Stoltenberg, og íslenska utanríkisráðherranum, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, sem hafa lýst yfir stuðningi við árásarstefnu Tyrkja í Sýrlandi.

Eins og sýnt var í nýlegum sjónvarpsþáttum á RÚV um Sádi-Arabíu hafa þarlend stjórnvöld og Tyrkir stutt og fjármagnað hryðjuverkasmöt í Sýrlandi frá upphafi stríðsins. Þessar mjög svo vafasömu aðgerðir hafa notið stuðnings Vesturveldanna. Þau hafa séð ástæðu til að útiloka veraldleg stjórnvöld á svæðinu og skipta þeim út fyrir trúarlegt alræði sem stjórnar almenningi með trúarlegum fyrirmælum og sjaríalögum sem eiga ekkert skylt við lýðræði.

Í kjölfar sigurgöngu sýrlenska stjórnarhersins og Rússa hafa hryðjuverkahópar ISIS hrakist undan sókninni og hreiðrað um sig í borginni Idlib í suðvesturhluta Sýrlands. Samkomulag náðist milli Rússa, Írana, Tyrkja og Sýrlandsstjórnar sem kennt er við Svartahafsbæinn Sochi. Samkvæmt því fengu Tyrkir óáreittir heimild til að gera innrás í borgina Afrín og hrekja Kúrda Sýrlandsmeigin frá nánasta umhverfi tyrknesku landamæranna. Á móti skuldbundu allir samningsaðilar og þar á meðal Tyrkir sig til að taka höndum saman



til að vinna bug á ofbeldishópum ISIS sem hrakist höfðu undan Sýrlandsher til Idlib borgar. Tyrkir gengu hins vegar á bak orða sinna og hugðust leika sama leikinn og í Afrín í kjölfar innrásar sinnar þar. Sá leikur fólst í því að flytja islamistana inn á svæði brottrekinnna Kúrda, gyðinga og kristinna manna. Auk þess hafa tyrknesk

stjórnvöld slegið skjaldborg um hryðjuverkasmötökin sem hafa ráðið lögum og lofum í Idlib og virðast í reynd leynt og ljóst stefna að því að leggja héraðið undir Tyrkland. Evrópuríki hafa reynt að aðstoða Erdogan í þessum ofbeldisaðgerðum með því að bjóðast til að veita aðstoð til uppbyggingar á svæðinu og NATO hefur lagt sitt af mörkum með því



Þessi hryðjuverkasmöt eiga sér líka hauka í horni í aðalritara NATO, Jens Stoltenberg, og íslenska utanríkisráðherranum, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, sem hafa lýst yfir stuðningi við árásarstefnu Tyrkja í Sýrlandi.

að greiða götu vopnasendinga til Tyrklands.

Vegna ófara sinna í Idlib hefur Erdogan stefnt flóttamönnum að landamærum Grikklands til að kúga Evrópuríki til frekari stuðnings við sinn málstað. Í stað þess að láta undan fjárkúgun einræðisherrans ættu Evrópuríki að sjá sóma sinn í því að veita fjármagni til uppbyggingar í Sýrlandi svo að flóttamenn geti snúið aftur til síns heima. Hryðjuverkamennina getur svo Tyrklandsforseti hirt.

Umhugsunarverð ummæli formanns



Ögmundur Jónasson
fyrirverandi
ráðherra.

Um síðastliðna helgi birtist yfirlýsing frá yfirvöldum þar sem sagði: „Sundlaugum, líkamsræktarstöðvum, skemmtistöðum, spilasölum, spilakössum og söfnum skal lokað meðan á þessum takmörkunum stendur.“

Í viðbrögðum frá formanni Samtaka áhugafólks um spilafíkn, Ölmú Hafsteinsdóttur, sagði m.a.:

„Það besta við þetta er að næstu mánaðamót munu allir kassar vera lokaðir sem mun gera gæfumun fyrir ótal spilafíkla og fjölskyldur þeirra.“

Ég hef sem aðrir landsmenn fylgst með aðdáunarverðri baráttu þessara samtaka gagnvart ótrúlegu sinnuleysi yfirvalda.

En nú er þetta semsé komið í höfn, að spilakössum verður lokað tímabundið vegna smithættu og ástæða til að gleðjast yfir því.

En þarf ekki að íhuga orð Ölmú Hafsteinsdóttur um þann „gæfumun“ sem þetta hefur í för með sér fyrir „ótal spilafíkla og fjölskyldur þeirra“?

Í tilefni af þessum ummælum þarf að spyrja hvort sá gæfumunur



En nú er þetta semsé komið í höfn, að spilakössum verður lokað tímabundið vegna smithættu og ástæða til að gleðjast yfir því.

eigi að ráðast af kórónaveirunni einni?

Á sá gæfumunur ekki að taka til allra tíma? Hvers vegna yfirleitt að opna spilavítin á ný?

Er það ekki verðugt umhugsunar-

efni fyrir dómsmálaráðherrann, sem enn hefur ekki svarað opnu bréfi fyrrnefndra samtaka um rekstur spilakassa og spilavíta?

Er það ekki verðugt umhugsunarefni fyrir Háskóla Íslands sem hagnast um á annan milljarð á ári á kostnað spilafíkla?

Er það ekki verðugt umhugsunarefni fyrir Rauða kross Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg og SÁÁ sem í sameiningu hagnast árlega um tæpan milljarð á kostnað spilafíkla?

Er það ekki verðugt umhugsunarefni fyrir fjárlaganefnd sem horfir á eftir tæpum sjö hundruð milljónum í gjaldeyri til erlendra aðila fyrir kaup og leigu á kössum?

Öll mættum við síðan leiða hug-

ann að því að milliliðir taka til sín átta hundruð og fimmtíu milljónir upp úr vösum spilafíkla. Þetta nefni ég til að minna á hve upphæðirnar, þegar saman koma, eru gríðarlega háar enda gera þær á endanum „gæfumun“ í lífi margra. Annars vegar í lífi þeirra sem borga og svo einnig hinna sem fá borgað. Það skýrir margt og er kjarni vandans.

En er það ekki verðugt umhugsunarefni fyrir okkur öll, sem erum óðum að uppgötva mikilvægi samabyrgðar, hvort við viljum leyfa gróðaóflum að leika veikt fólk eins grátt og spilarekendurnir gera - á ábyrgð og í umboði okkar allra? Er ekki ráð að hugleða alvöruþrúningin orð formanns Samtaka áhugafólks um spilafíkn?

Nýtum rafrænar leiðir



Guðni Rúnar Gíslason
deildarstjóri
upplýsinga-
og samskipta-
deildar Þjóð-
skrár Íslands.

Síðustu vikur hafa verið mörgum erfiðar og þær næstu eiga eftir að vera það líka. Samt sem áður má draga af þeim mikinn lærdóm og þá sérstaklega í samhengi við þau framfaraskref sem hafa verið stigin í okkar samfélagi á síðustu árum. Fjölmargar stofnanir og fyrirtæki hafa með því að bjóða upp á rafræna þjónustu getað haldið nánast óskertri starfsemi og jafnframt lágmarkað smithættu í faraldri eins og þeim sem nú geisar.

Það er til áminningar fyrir okkur öll að rafvæðing á vörum og þjónustu er ekki bara til marks um bættu og skjótari þjónustu heldur einnig stórbætt öryggi á tímum sem þessum. Viðskiptavinir Þjóðskrár Íslands geta til dæmis skráð flutning, óskað eftir endurmati á fasteignum og pantað flest vottorð á vef stofnunarinnar www.skra.is og fengið erindin afgreidd með rafrænum hætti. Flestir flutningar eru jafnframt afgreiddir án þess að starfsfólk þurfi frekari aðkomu og vottorð eru svo afhent inn á pósthólf á Island.is.

Sá faraldur sem geisar víða um



Sá faraldur sem geisar víða um heiminn í dag á eflaust eftir að breyta hugarfari og þankagangi flestra til frambúðar.

heiminn í dag á eflaust eftir að breyta hugarfari og þankagangi flestra til frambúðar. Við getum tekið það með okkur að vinna síðustu ára hjálpar okkur í dag og fækkar til að mynda komum í útibú stofnana og fyrirtækja. Á sama tíma er gott að staldra við og huga að því hvort við sem einstaklingar getum ekki aðstoðað þá sem ekki hafa vanið sig á þessar breytingar. Má þar til dæmis nefna sumt eldra fólk sem stendur okkur nærri, sem gæti þurft aðstoð eða kennslu til að tileinka sér rafræna þjónustu og þar með spara því sporin, og minnka líkur á smiti.

Þegar faraldurinn er yfirstaðinn þarf svo að huga að því hvernig við getum gert enn betur í þessum málum og aukið öryggi allra enn frekar. Hvar er það sem við eyðum tíma okkar og orku í að mæta á staði þar sem afgreiða mætti erindið með einföldum og rafrænum hætti? Hugum að því hvernig við getum nýtt okkur rafrænar leiðir og hjálpum öðrum við að tileinka sér þær.

AUGNSLYSAVAKT

Að gefnu tilefni bjóðum við fram krafta okkar til að létta af álagi á slysadeild, heilsugæslu og Læknavakt vegna COVID - 19 faraldursins



Augnlæknir sinnir bráðatilvikum eins og augnslysum, efnaslysum í augum og korni/flís í auga. Augnsýkingum sinnt eftir atvikum.

Staðsetning: Glæsibæ – Vesturhús, 2. hæð – Álfheimum 74, 104 Reykjavík.

Opið 8:00 – 16:00.

Vinsamlegast hafið samband við síma 414 7000 fyrir komu. **Ath.:** Gera má ráð fyrir bið.

AUGLJÓ
LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR

SPORT

Ferðabjónustan missir spón

ÓLYMPIULEIKARNIR Ferðabjónusta í Japan mun missa stóra sneið af kökunni með frestuninni en ferðabjónustan þar í landi var þegar komin í ákveðna erfiðleika. Suður-Kórea og Kína eru á toppnum yfir ferðamenn sem koma til Japan á hverju ári en 31,9 milljónir komu til landsins á síðasta ári sem ferðamenn. Vegna COVID-19 hefur ferðamönnum snarfækkað enda ferðabörsti heimsbyggðarinnar nánast enginn. Japanar reiða sig þó lítið á ferðamenn. Þó var búist við að ferðamenn í kringum leikana myndu eyða 2,8 milljörðum dala. Um 4,5 milljónir miða voru þegar seldir á leikana en skipuleggjendur vonuðust eftir að um átta milljónir ferðamanna legðu leið sína til borgarinnar í kringum leikana. – bb

Nú hefst engin smá vinna

ÓLYMPIULEIKARNIR Á mánudag ítrekaði Thomas Bach, forseti Alþjóðaólympíunefndarinnar, IOC, við þýsku sjónvarpsstöðina SWR að ÓL yrði alls ekki frestað og helst ekki færðir. „Þetta er ekki eins og að færa fótboltaleik um eina helgi. Að slá leikana alveg af borðinu kemur ekki til greina. Það myndi eyðileggja Ólympíudraum um 11 þúsund íþróttamanna frá 206 löndum,“ sagði Bach ákveðinn.

Forsætisráðherra Japans, Shinzō Abe, hefur lengi sagt það einfaldlega ekki koma til greina að fresta. En eitthvað breyttist og voru þeir Bach 100 prósent sammála um að fresta leikunum um eitt ár samkvæmt Abe. Íþróttamenn flyktust á samfélagsmiðla og hrósuðu því að leikarnir færu ekki fram í sumar. Þeir sem eru í eldri kantinum eru síður ánægðir.

Nú tekur engin smá vinna við. Það þarf jú að huga að miklum breytingum hjá 33 alþjóðlegum íþróttasamböndum, hugsa um hótélbókanir, styrktaraðila.

Og ein stærsta spurningin er: Hvað með allt íþróttafólkið sem er komið á leikana? Heldur það sínum keppnisrétti án skilyrða? Og hvenær eiga leikarnir að fara fram? Ólympíuleiður er þó kominn til Japans og verður þar þangað til hann verður tendraður í Tókýó. – bb

Sögð eina ákvörðunin sem var hægt að taka um leikana

Söguleg frestun á Ólympíuleikunum í gær mun skella á efnahag Japans af miklum þunga. Um síðustu áramót var kostnaður við leikana sagður nema jafnvirði 1.780 milljarða íslenskra króna. Aldrei áður hefur leikum verið frestað. Í raun er óvíst hvort frestunin breytist í að leikarnir verði hreinlega blásnir af.

ÓLYMPIULEIKARNIR Alþjóðaólympíunefndin, IOC, og framkvæmdastjórn Ólympíuleikanna 2020 í Tókýó gáfu út sameiginlega yfirlýsingu í gær um að leikunum og Ólympíumóti fatlaðra verði frestað um eitt ár hið minnsta. Leikarnir verða þó áfram kenndir við árið 2020.

Það þurfti svo sem ekkert að koma á óvart að leikunum skyldi vera frestað en Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, hafði lengi barist gegn því að leikunum yrði frestað. Það væri einfaldlega of dýrt að slá í frestunarklárinn.

Í lok árs 2019 var áætlaður kostnaður vegna Ólympíuleikanna sagður 12,6 milljarðar dala. Reikningurinn vegna leikanna hefur farið stöðugt hækkanði en Tókýó fékk leikana árið 2013. Skömmu síðar kom í ljós að reikningurinn yrði mun hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Árið 2015 var ljóst að reikningurinn yrði trúlega sexfalt hærri en í fyrstu var talið. Japanska ólympíunefndin virðist hafa vanmetið flest allan kostnað eins og launa- og byggingakostnað meðal annars. Kostnaðurinn skiptist milli borgarinnar, Ólympíunefndarinnar og ríkisstjórnarinnar.

Í frétt AFP segir þó að upphæðirnar séu ekki endilega réttar og segir að kostnaðurinn sé jafnvel tífaldur miðað við það sem upphaflega var lagt upp með. Þá hafa japönsk fyrirtæki dælt peningum í leikana gegnum styrktarsamninga sem eru metnir á um 3,3 milljarða dollara, samkvæmt AFP.

Þá eiga eftir að koma inn í stórir styrktarsamningar við Toyota, Bridgestone og Panasonic sem gerðir voru við IOC, alþjóðlegu Ólympíunefndina. Sérfræðingar sem AFP ræddi við bentu á að Japanar hafa þegar eytt þessum aukum, það væri ekki á áætlun eða slíkt heldur væru þeir þegar í notkun.



Forsætisráðherra Japans, Shinzo Abe, ræðir við fréttamenn eftir að ákvörðun var tekin í gær. FRÉTTABLAÐID/GETTY

Í yfirlýsingunni segir að hin forðamalessa og óútreiknanlega útbreiðsla COVID-19 veirunnar hafi gjörbreytt aðstæðum um heim allan. Vegna þróunar mála og upplýsinga frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) hafi forseti IOC og forsætisráðherra Japans komist að sameiginlegri niðurstöðu um að frestun leikanna væri óumflyjanleg fyrir hagsmuni alþjóðasamfélagsins, íþróttafólksins og allra þeirra sem koma að Ólympíuleikunum.

Samkvæmt IOC höfðu um sex þúsund íþróttamenn tryggt sig inn á Ólympíuleikana, eða rétt tæplega helmingur, þar af einn Íslendingur, Anton Sveinn McKee.

Samkvæmt IOC höfðu um sex þúsund íþróttamenn tryggt sig inn á Ólympíuleikana, eða rétt tæplega helmingur, þar af einn Íslendingur, Anton Sveinn McKee.

Aðrir íslenskir keppendur voru að berjast við að komast inn en áttu ágæta möguleika ef heimurinn hefði ekki stökkt breyst. Flestir voru í einstaklingsgreinum og höfðu bæði Sveinbjörn Jun Lura og Kári Jónsson

sagt að þeir væru að leggja allt í sólurnar til að komast inn. Hvort þeir hafi fjárhagslega burði til að reyna aftur á næsta ári verður að koma í ljós.

„Ég hef verið heppinn með styrktaraðila en hef þurft að sækja þá sjálfur. En það er ekki nóg til að lifa af því. Ég vinn á Stuðlum sem fer vel með júdóinu,“ sagði Sveinbjörn við Vísi í byrjun árs. Kári sagði við RÚV á sama tíma: „Þetta er náttúrulega svolítið hark hvað peninga varðar. En fyrst og fremst er maður í þessu af ástriðu og þetta gefur manni svo mikið á margan annan hátt. En ég fæ ekki föst laun mánaðarlega.“

benediktboas@frettabladid.is



SPORTIÐ Í KVÖLD

ÞRI • MIÐ • FIM 20:00



#bestasætið



MIÐVIKUDAGUR 25. MARS 2020

Heimili

**EINSTAKT
KOLLAGEN
RAKAKREM****GEFUR GÓÐA
NÆRINGU OG
MIKINN RAKA**Fæst í flestum apótekum, Heilsuver,
www.lyfja.is og www.heilsanheim.is

Þakklætið var hverrar vöfflu virði

Sáttavöfflur Elísabetar Sigurveigar Ólafsdóttur, skrifstofustjóra Ríkis-sáttasemjara, eru viðfrægar enda bakaði hún vöfflur fyrir hátt í 4.000 samningamenn þar til yfir lauk. Hún dustar rykið af vöfflujárninu heima á alþjóðlega vöffludeginum í dag. ➔2



Elísabet með gamla vöfflujárnið sitt. Hún segir heimlisfólkið kvarta undan því að hafa ekki fengið vöfflur heima í fjöldamörg ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Elisabet segist lánsöm að hafa fengið tækifæri til að vinna við það sem henni þykir skemmtilegt. Hún vinnur nú heima í samkomubanninu og segir þá líka tilvalið að baka vöfflur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Framhald af forsiðu ➔

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Var ég alltaf í stuði til að baka vöfflur? Svarið er nei, ef ég á að vera alveg heiðarleg. Vöfflubakstur um miðjar nætur eða eldsnemma morguns eftir langar vökur og strangar samningaviðræður var ekki alltaf það sem mann langaði mest að gera, en þakklætið og ánægjan eftir á var hverrar vöflu virði,“ segir Elisabet Sigurveig Ólafsdóttir, skrifstofustjóri og aðstoðarsáttasemjari hjá Ríkissáttasemjara.

Þar stóð Elisabet, ásamt öðru starfsfólki, vaktina yfir vöflu-járninu í rúmlega tvo áratugi og segist ekki hafa órað fyrir því að vöfflubóð Ríkissáttasemjara yrði að svo langri og sterkri hefð.

„Við bökuðum fyrstu vöfflurnar eftir langa og stranga samningalotu til að reyna að létta andrúmsloftið og gleðja svanga samningamenn. Vöfflurnar fengu þá svo góðar viðtökur að næsti hópur sem lauk samningum vildi ólmur fá vöfflur líka og þar með vorum við föst í netinu,“ segir Elisabet og hlær að uppátækinu sem reyndist svo kærkomið en það var í fyrra sem freistandi ilmur af nýbök-uðum vöfflum barst í síðasta sinn um húsakynni Ríkissáttasemjara.

„Okkur fannst þetta orðið ágætt, allavega að sinni,“ segir Elisabet. „Ég skil vel eftirsjá samningamanna eftir vöfflunum. Oft sitja deiluadilar saman á mörgum, löngum fundum áður en samningar takast og ekki óalgengt að lokatörnin taki jafnvel sólarhring. Því er skiljanlegt að samningafólkinu þætti gott að gleðjast yfir vel unnu verki og borða saman vöfflur.“

Uppskriftin er leyndarmál

Eftir riflega tveggja áratuga vöfflubakstur hjá Ríkissáttasemjara man Elisabet aðeins eftir einu skipti þar sem einn samningamaður

gekk á dyr eftir undirskrift kjarasamnings, án þess að taka þátt í vöfflugleðinni.

„Því má kannski segja að vöfflurnar hafi sameinað deiluaðila eftir að hafa tekist á, en ég held reyndar að hvað annað bakkelsi sem boðið hefði verið upp á í þessum aðstæðum hefði haft sömu áhrif,“ segir Elisabet sem frá fyrstu tíð hefur lagt áherslu á að hafa umhverfi Ríkissáttasemjara heimilislegt og að gestum embættisins, samningafólkinu, liði eins vel og hægt er.

„Verkefnin eru oft krefjandi og reyna á og þó svo að við höfum hætt vöfflubakstrinum reynum við að bæta það upp með öðrum hætti. Það eru sirka 300 til 400 manns sem taka þátt í hverri samningalotu fyrir sig og ef við reiknum með því að samningalotur séu að meðaltali á tveggja ára fresti, og við bökuðum í rúmlega tuttugu ár, gætu vöfflugestirnir hafa verið hátt í fjögur þúsund allt í allt,“ segir Elisabet og hlær að öllu saman.


Hún hefur oft þurft að svara því hversu mikið magn þurfti af deigi, rjóma og sultu til að seðja svanga munna samningamanna.

„Svarið er mikið. Það var ekki óalgengt að bakað væri fyrir nokkra tugi samningamanna í einu og af því að sáttavöfflurnar voru og eru alveg sérstaklega góðar var oft borðað vel. Uppskriftin er auðvitað leyndarmál, eins og allar góðar uppskriftir, en við notuðum klassískan grunn og bættum svo aðeins við og gerðum hann að hinum einu sönnu sáttavöfflum,“ segir Elisabet sem á í förum sínum vöffluuppskriftabók sem hún fékk að gjöf frá norski vinkonu sem vinnur hjá ríkissáttasemjaraembættinu í Ósló.

„Ég hef prófað nokkrar vöffluuppskriftir úr þeirri góðu bók, en okkar uppskrift er einfaldlega best.“

Þótti skrítið að baka vöfflur

Elisabet segist lánsöm að hafa



Vöfflur (þó ekki sáttavöfflur Elisabetar)

- 250 g hveiti
- 1 tsk. lyftiduft
- 1 msk. strásykur
- ½ tsk. salt
- 1 tsk. vanillussykur
- 1 dl nýmjólk (eða pilsner)
- 2 dl súrmjólk eða rjómi (eða til helminga)
- 1 dl kalt vatn
- 80 g brætt smjör eða 0,7 dl matarolía
- 3-4 egg eftir stærð

fengið tækifæri til að vinna við það sem henni þykir skemmtilegt. Hún vann hjá Kjararannsóknarnefnd árið 1983 þegar henni bauðst óvænt starf skrifstofustjóra hjá Ríkissáttasemjara.

„Ég hafði þá engan hug á að breyta til og líkaði mjög vel að vinna hjá Kjararannsóknarnefnd en þegar Guðlaugur Þorvaldsson, þáverandi ríkissáttasemjari, bauð mér starfið sagði ég já, eftir smá umhugsun. Bæði þekkti ég Guðlaug og starfsemi sáttasemjara þar sem við hjá Kjaró vorum í sama húsi og unnum náð með embættinu í kjarasamningalotum,“ upplýsir Elisabet sem ætlaði sér upphaflega að vinna hjá Ríkissáttasemjara í fáein ár en nú eru árin orðin 37.

Aðskiljið eggin. Þeytið eggja-rauður og sykur vel saman. Sáldrið þurrufnum saman við ásamt vökva og hrærið vel. Bætið feitinni út í og að síðustu stífþeyttum eggjahvítum. Bakið í vel heitu vöflujárni og athugið að það fer eftir tegund járnsvort bera þurfi feiti í það. Berið fram með sultu og þeyttum rjóma eða smjöri og sirópi. Heimild: Leiðbeiningastöð heimilanna.

„Lífið hjá sáttasemjara hefur verið meira en bara vöfflubakstur. Ég vissi að þetta væri líflegt og skemmtilegt starf og að Guðlaugur væri einstakur maður sem mig langaði að vinna með. Mér hefur aldrei leiðst og alltaf haft ánægju af starfinu. Ég er félagslynd og líður vel í samskiptum og samstarfi við fólk, og það sem mestu máli skiptir er að samstarfsfólk mitt í gegnum öll þessi ár hefur verið frábært. Ég hef einnig kynnst fjölmörgum sem hafa sett svip sinn á þjóðfélagið í gegnum tíðina og það er óneitanlega áhugavert að fá að fylgjast með,“ segir Elisabet, sem í gegnum tíðina hefur fengið tækifæri til að styrkja sig í starfi með námi og starfi í öðrum löndum. „Um tíma vann ég hjá danska

Hjá danska ríkissáttasemjara-
þótti skrítið að við
bökuðum vöfflur þegar
kjarasamningar næðust.
Þeir fóru á næstu krá og
fengu sér öl og snaps.

ríkissáttasemjaraembættinu og kynnti mér starfsemina þar. Vinum mínum þar þótti stórskrýtið að við bökuðum vöfflur þegar kjarasamningar næðust. Þeir fóru bara á næstu krá og fengu sér öl og snaps,“ segir Elisabet, uppfull af lífsgleði.

Vöffluskortur á heimilinu

Elisabet er fædd og uppalin á Vopnafirði.

„Ég ólst upp við að vöfflur væru bakaðar þegar gesti bar að, sem var algengt í sveitinni. Mér hefur alltaf þótt vöfflur góðar og þykir enn. Uppáhaldið er vaffla með rjóma, bláberjasultu og ís, en svo eru þær líka góðar kaldar með smjöri, osti og smávegis af sultu,“ segir Elisabet sem kann svo sannarlega á því tókin að baka góðar vöfflur.

„Fjölskyldan hefur reyndar kvartað yfir því að hafa ekki fengið vöfflur hér heima í mörg ár og það er alveg rétt, en mér finnst mjög gaman að baka og þegar ég er í stuði baka ég pönnukökur á þremur pönnum í einu, sem bætir upp vöffluskortinn á heimilinu,“ segir hún kát.

„Ég á enn vöflujárn sem ég þarf kannski að fara að dusta rykið af, ekki sist nú á dögum heimavinnu og samkomubanns,“ segir Elisabet sem í samkomubanninu vinnur heima og hafði ekki hugmynd um að til væri alþjóðlegur vöffludagur.

„En hver veit nema ég haldi upp á hann héðan í frá? Maður á að nota hvert tækifæri til að gleðjast og gera sér dagamun, og nú get ég bætt 25. mars við þá dag!“

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. mars 2020

12. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL


ROLEX


TUDOR


TAGHeuer


LONGINES


NOMOS
GLASHÜTTE


TISSOT



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Lönduðu samningi við einn af þeim stærstu Einn af stærstu bönkum heims hefur keypt hugbúnaðarlausn Lucinity til að styrkja varnir gegn peningabætti.	Lífeyrissjóðirnir eru ekki björgunarsveitir Framkvæmdastjóri Birtu segir ekki hægt að gera kröfu um stórtæk viðskipti lífeyrissjóða í mikilli óvissu á mörkuðum.	Gætu leikið stórt hlutverk í næsta faraldri Íslenska fyrirtækið EpiEndo þróar frumlyf sem gæti verkað gegn veirum sem herja á lungun eins og SARS-CoV-2	Íslendingar eru frumkvöðlar í eðli sínu Íslendingar eru frumkvöðlar í eðli sínu en regluumhverfið er flókið og þungt í vöfum, segir framkvæmdastjóri Spaks.	Treyst of mikið á eina atvinnugrein Þegar aðstæður leyfa þarf að skapa skilyrði fyrir nýjar atvinnugreinar til að vaxa og dafna, að mati framkvæmdastjóra SI.
2	4	10	12	14



Öll vopnin dregin fram

Seðlabankar heimsins verða að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að blása lífi í hagkerfi heimsins að mati sérfræðings hjá Akta sjóðum. Þeir megi ekki sýna of mikla varkárni. Hagfræðiprófessor við LSE býst við hröðum bata eftir skarpt fall. »8-9



FRÍ HEIMSENDING Á LINSUM

Pantið á heimasíðu Opticalstudio.is eða í síma 511 5800

Optical Studio

GAMMA tapaði um 315 milljónum króna í fyrra

GAMMA Capital Management, sem sameinaðist Kviku banka í fyrra, tapaði ríflega 316 milljónum króna á síðasta ári borið saman við 268 milljóna króna tap á árinu 2018, eftir því sem fram kemur í nýlegum ársreikningi fjármálafyrirtækisins.

Tapið kemur að stærstum hluta til vegna endurmats á stöðu fagfjárfestastjóðanna GAMMA: Novus og GAMMA: Anglia sem reyndist mun verri en áður var talið eins og greint var frá í september í fyrra.

Heildartekjur GAMMA námu tæplega 763 milljónum króna í fyrra, borið saman við 1.418 milljónir króna árið 2018, en umsýslu- og árangurstengdar þóknarir félagsins lækkuðu um 56 prósent á milli ára.

Þá voru rekstrargjöld félagsins rúmar 888 milljónir króna á síðasta ári og drógust saman um tólf prósent frá árinu 2018 þegar þau voru um 1.009 milljónir króna. Laun og launatengd gjöld lækkuðu um 33 prósent á milli ára en annar rekstrarkostnaður jókst hins vegar um 32 prósent.

GAMMA átti eignir upp á samanlagt 2,9 milljarða króna í lok síðasta árs borið saman við 3,8 milljarða króna eignir í árslok 2018. Munar þar mest um að langtímakröfur á fagfjárfestingasjóði, vegna ákvæða um árangurstengda þóknun GAMMA, fóru úr 1.612 milljónum króna í lok árs 2018 í 759 milljónir króna í lok síðasta árs.

Þá tapaði fjárfestingasjóðurinn GAMMA: Total Return Fund liðlega 224 milljónum króna í fyrra, samkvæmt ársreikningi sjóðsins.

Hrein eign sjóðsins, sem er í slita-

21%

var neikvæð raunávöxtun fjárfestingasjóðsins GAMMA: Total Return Fund í fyrra.

ferli, var um 768 milljónir króna í lok síðasta árs borið saman við 2.121 milljón króna í árslok 2018 og 5.450 milljónir í lok árs 2017. Alls námu innlausnir hlutdeildarskírteina í sjóðnum um 1.130 milljónum króna umfram sölu á árinu.

Fjárfestingasjóðurinn skilaði neikvæðri raunávöxtun upp á 21 prósent í fyrra, eftir því sem fram kemur í ársreikningi hans, en þar er auk þess tekið fram að ríflega níutíu prósent af eignum sjóðsins séu í fagfjárfestastjóðum og óskræðum hlutabréfum, en það er talsvert utan marka fjárfestingaheimilda hans.

Stærstu eignir sjóðsins eru hlutdeildarskírteini í ýmsum fasteignasjóðum GAMMA auk eignarhlutar í Arctic Adventures að bókfærðu virði um 156 milljónir króna.

Tap alþjóðlega fjárfestingasjóðsins GAMMA: Global Invest, sem er einnig í slitaferli, nam 323 þúsundum evra, jafnvirði um 49 milljóna króna, í fyrra en eignir sjóðsins voru 380 milljónir króna í lok síðasta árs borið saman við ríflega 1.320 milljónir króna í árslok 2018. Var raunávöxtun sjóðsins neikvæð um 14 prósent á síðasta ári. – **kj**



Guðmundur var áður yfirmaður samskiptaeftirlits og gervigreindar hjá Citigroup. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Lönduðu samningi við einn af þeim stærstu

Einn af stærstu bönkum heims hefur keypt hugbúnaðarlausn Lucinity til að styrkja varnir gegn peningabætti. Umfangið nemur hundruðum milljóna króna. Bankar um allan heim horfa til þess að skipta inn lausn Lucinity.

Lucinity hefur landað samningi við einn af stærstu bönkum heims sem felur í sér viðtæka innleiðingu á hugbúnaðarlausn sem íslenski fjártækni-protinn hefur þróað fyrir banka til að verjast peningabætti og öðrum fjárglæpum. Stjórnendur Lucinity eru komnir í viðræður við fjármálastofnanir víða um heim.

„Samningar gerast ekki mikið stærri en þessi þegar markmiðið er að byggja upp vörumerki í hugbúnaðarlausnum fyrir fjármálageirann,“ segir Guðmundur Kristjánsson, stofnandi fjártækni-protans Lucinity, í samtali við Markaðinn.

Samkvæmt heimildum blaðsins er samningurinn stærri en síðasta hlutafjárútkningur sem nam tveimur milljónum bandaríkjadala, jafnvirði 280 milljóna króna. Umfangið hleypur því á hundruðum milljóna.

Guðmundur stofnaði Lucinity haustið 2018 eftir að hafa starfað sem yfirmaður samskiptaeftirlits og gervigreindar hjá fjármálarísanum Citigroup í þrjú ár. Hugbúnaðarlausnin Lucinity vinnur úr upplýsingum um allar aðgerðir viðskiptavina fjármálafyrirtækis og nýtir sér gervigreind til að finna grunsamleg hegðunarmynstur.

Guðmundur segir að mikil gróska sé í vörnum gegn peningabætti en núverandi kerfi þyki gamaldags og úr sér gengin.

„Kerfin og ferlar bankanna leika lykilhlutverk í að takmarka flæði illa fengins fjármagns til hræðilegs iðnaðar eins og mansals, innflutnings fikniefna og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Því er þörf á nýsköpun og hefur Lucinity gengið á lagið,“ segir Guðmundur.

Trúnaðarákvæði í samningnum kemur í veg fyrir að hann geti nafngreint fjármálafyrirtækið að svo stöddu, en um er að ræða alþjóðlegan bandarískan banka sem er á meðal stærstu banka heims.

„Við munum sjá um eftirlit með peningabætti á framendinum, þ.e.a.s. starfseminni sem snýr að

Við erum komin á þann stað að við erum í samtölum við banka úti um allan heim, allt frá Bandaríkjunum til Singapúr.

Guðmundur Kristjánsson, stofnandi og forstjóri Lucinity

viðskiptavinum, en einnig með aðgerðum starfsmanna (e. conduct surveillance) og samskiptum. Hugbúnaðarlausn okkar verður þannig útvíkuð til að hafa eftirlit með mismunandi tegundum fjárglæpa,“ segir Guðmundur.

Stórir bankar geta verið svífaseinir í ákvarðanatöku og sprotafyrirtækjum getur reynst erfitt að komast í gegnum flókið samþykktarferli. Ferlið gekk þó hratt fyrir sig, sérstaklega í ljósi þess að bankinn var að skipta út kerfum sem hann hefur notað til margra ára.

„Þau voru fljót að meta hugbúnaðarlausnina og ákveða að innleiða hana. Okkar lausn kemur í staðinn fyrir hugbúnaðarlausn fyrirtækis sem nú er með stærstu hlutdeildina á markaðinum. Það er ekki aðeins viðurkenning að hafa verið valin af þessum banka heldur einnig að okkar vara hafi verið valin fram yfir þær vörur á markaðinum sem eru leiðandi í dag,“ segir Guðmundur og bætir við að í dag sé mikill meirihluti banka að kaupa eftirlitshugbúnað frá sex stærstu fyrirtækjunum á þessu sviði.

„Við erum komin á þann stað að við erum í samtölum við banka úti um allan heim, allt frá Bandaríkjunum til Singapúr, sem eru að íhuga að skipta hugbúnaðarlausn Lucinity inn fyrir lausnir frá þessum stórfyrirtækjum. Aftur á móti ætlum við að tryggja að fókussinn sé á réttum þáttum til þess að við getum

þjónustað viðskiptavinum okkar eftir fremsta megni,“ segir Guðmundur.

Vilja nýta meðbyrinn
Spurður hvaða þýðingu samningurinn hafi fyrir reksturinn segir Guðmundur að Lucinity þurfi ekki að ráðast í aðra hlutafjárútkningu í bráð.

„Hins vegar erum við að skoða þann möguleika að taka inn aðeins meira fjármagn til þess að geta nýtt þennan meðbyr og stækkað hraðar. Við sjáum fram á að byggja upp sterkari söluher erlendis og við höfum einnig hafið vinnu með erlendum samstarfsfyrirtækjum til þess að byggja upp vörumerkið Lucinity,“ bætir hann við.

Síðasta sumar var greint frá því að Lucinity hefði safnað sprotafjármagni fyrir tvær milljónir dollara, jafnvirði 280 milljóna króna miðað við núverandi gengi. Þá hlaut fyrirtækið nýverið Sprett, hámarksstyrk Tæknipróunarsjóðs, sem nemur 70 milljónum króna.

Hefur heimsfaraldur COVID-19 haft áhrif á fyrirtælinir Lucinity?

„Við erum að bjóða lausn sem býr til meiri hagkvæmni í eftirlitsstarfsemi. Það skiptir auknu máli í erfiðu rekstrarumhverfi eins og við erum að sjá í dag. Síðan er hitt, að miklum sveiflum á mörkuðum fylgir jafnan aukning í grunsamlegu og ólöglegu athæfi í fjármálakerfinu. Þá þarf að grípa til aukinnar fjárfestingar og tryggja að verið sé að nýta nýjustu tækni til að halda í við fjárglæpastarfsemina,“ segir Guðmundur.

Kvika var fyrsti bankinn til að innleiða hugbúnaðarlausnina í lok nóvember en við tilefnið sagði Marínó Örn Tryggvason, bankastjóri, að ör vöxtur kallaði á aukna fjárfestingu til þess að viðhalda ströngum öryggiskröfum.

„Það er ánægjulegt að geta stofnað til samstarfs við íslenskt sprotafyrirtæki, sem við trúum að verði leiðandi afl á alþjóðlegum markaði þegar kemur að gæðum og skilvirkni varnarkerfa gegn peningabætti,“ sagði Marínó Örn. **thorsteinn@frettabladid.is**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri **Höður Egiðsson** hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5050 eða sendu tölvupóst á orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.

FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

STARFSEMI Á ÁRINU 2019



12,4
MILLJARÐAR KR.
Í LÍFEYRISGREIÐSLUR



11,06%
HREIN
RAUNÁVÖXTUN



432
MILLJARÐAR KR.
HREIN EIGN



15.805
VIRKIR SJÓÐFÉLAGAR

HELSTU TÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI

EFNAHAGSREIKNINGUR

í milljónum kr.

Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar

Eignarhlutir í félögum og sjóðum	189.675	145.513
Skuldabréf	227.146	215.747
Bundnar bankainnstæður	4.494	4.251
Aðrar fjárfestingar	14	13
Kröfur	2.930	2.356
Handbært fé og rekstrarfjármunir	8.316	4.942
Skuldir	-546	-468
Hrein eign til greiðslu lífeyris	432.029	372.353

BREYTINGAR Á HREINNI EIGN

í milljónum kr.

Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar

Iðgjöld	19.336	17.680
Lífeyrisgreiðslur	-12.382	-11.165
Hreinar fjárfestingartekjur	53.439	18.432
Rekstrarkostnaður	-717	-716
Hækkun á hreinni eign á árinu	59.676	24.230
Hrein eign frá fyrra ári	372.353	348.122
Hrein eign til greiðslu lífeyris	432.029	372.353

KENNITÖLUR SAMTRYGGINGARDEILDAR

Nafnávöxtun	14,19%	5,04%
Hrein raunávöxtun	11,21%	1,74%
Hrein raunávöxtun, 5 ára meðaltal	4,93%	4,09%
Hrein raunávöxtun, 10 ára meðaltal	4,74%	3,30%
Rekstrarkostnaður / meðalstaða eigna	0,17%	0,19%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	15.805	16.284
Fjöldi lífeyrisþega	14.568	13.789
Fjöldi stöðugilda	27,0	28,4
Tryggingafræðileg staða	-1,81%	-3,86%

Stjórn sjóðsins

Ingibjörg Ólafsdóttir formaður
Jakob Tryggvason varaformaður
Davíð Hafsteinsson
Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir

Guðrún Jónsdóttir
Hilmar Harðarson
Hrönn Jónsdóttir
Pálmar Óli Magnússon


SÉREIGNARDEILD OG TILGREIND SÉREIGNARDEILD

Hrein eign séreignardeildar var 16,5 milljarðar króna í árslok 2019 og jókst um tæplega 1,8 milljarð króna frá fyrra ári. Hrein raunávöxtun séreignar var á bilinu 1,57% til 14,91%. Virkir sjóðfélagar í tilgreindri séreignardeild voru 1.587. Í árslok 2019 áttu 1.598 sjóðfélagar réttindi í tilgreindri séreignardeild. Hrein eign tilgreindrar séreignardeildar var 960 milljónir króna í árslok 2019 og jókst um 542 milljónir króna. Hrein raunávöxtun tilgreindrar séreignar var 8,10%. Upplýsingar um ávöxtun séreignardeildar eru á vef sjóðsins, birta.is.

Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar námu 614 milljónum króna. Í árslok 2019 áttu 30.260 sjóðfélagar réttindi í séreignardeild og virkir sjóðfélagar í séreignardeild voru 2.305.

HLUTFALLSLEG SKIPTING FJÁRFESTINGA SAMTRYGGINGARDEILDAR 2019

- 37,79%** Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum
- 32,20%** Skráð skuldabréf
- 20,19%** Veðlán
- 8,19%** Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum
- 1,46%** Óskráð skuldabréf
- 0,17%** Bundnar bankainnstæður



SJÓÐURINN DREGUR ÚR KOSTNAÐI

Rekstrarkostnaður sem hlutfall af meðalstöðu hreinnar eignar til greiðslu lífeyris var 0,17% á árinu 2019 en 0,19% á árinu 2018. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum var 3,71% á árinu 2019 en 4,08% árið áður. Frá stofnun Birtu lífeyrissjóðs í lok árs 2016 hefur hlutfall rekstrarkostnaðar lækkað úr 0,22% í 0,17%.

Framkvæmdastjóri: Ólafur Sigurðsson



Lán til ferðapjónustu jukust í fyrra.

Arion lánaði 38 milljarða króna til hótelfélaga

Útlán Arion banka til hótela nema tæplega 38 milljörðum króna eða um 10,7 prósentum affyrirtækjalánasafni bankans, eftir því sem fram kom í kynningu Benedikts Gislasonar bankastjóra á aðalfundi bankans í síðustu viku.

Til samanburðar námu heildarlánveitingar Arion banka til ferðapjónustunnar 62 milljörðum króna við síðustu áramót og má því ætla að hlutfall lána til hótela sé liðlega sextíu prósent af lánunum bankans í atvinnugreinina. Lánin nema um 4,9 prósentum sem hlutfall af heildarlánasafni bankans.

Í kynningu Benedikts kom jafnframt fram að Arion banki hafi aðallega lánað til hótela í Reykjavík og á suðurhluta landsins þar sem ferðapjónustan muni líklega verða fyrir minni áhrifum af fækkun ferðamanna en annars staðar á landinu.

11%

er hlutfall lána Arion banka til hótela af fyrirtækjalánasafni bankans.

Eins og greint var frá í Markaðinum í síðustu viku hefur Arion banki lánað hvað minnst af stóru viðskiptaböndunum þremur til ferðapjónustu, miðað við stöðuna í lok síðasta árs, eða um 62 milljarða sem jafngildir um 7,8 prósentum af lánasafni bankans. Útlánið jukust um tólf milljarða króna í fyrra.

Til samanburðar hafði Landsbankinn lánað 96 milljarða króna til ferðapjónustu í lok síðasta árs og Íslandsbanki 90 milljarða króna. Eru það um átta til tíu prósent af lánasöfnum bankanna.

Fram hefur komið í fjölmiðlum að bankarnir muni á næstu vikum vinna með fyrirtækjum í gistiþjónustu vegna tímabundins tekjutaps vegna kórónaveirunnar.

Í svari Arion banka við fyrirspurn Morgunblaðsins var til að mynda tekið fram að viðbrögð bankans við greiðsluferðaleikum hótela yrðu fyrst og fremst fölginn í sambandi af því að skilmálum á fyrirliggjandi fyrirgreiðslu yrði breytt og að fyrirtækjum yrði veitt aukin fyrirgreiðsla í formi lausafjáraðstoðar. Hvert tilvik þyrfti að meta sérstaklega. – kj

Eru ekki björgunarsveitir

Framkvæmdastjóri Birtu segir ekki hægt að gera kröfu um stórtæk viðskipti í mikilli óvissu. Sumir vilja sjá meiri virkni lifeyrissjóða en aðrir segja að sjóðirnir eigi ekki að vera björgunarsveitir einkafjárfesta.

Það er ekki hægt að gera almenna kröfu um stór viðskipti þegar óvissan er jafn mikil og raun ber vitni. Birta mun ekki bara stökkva til af því að verð hefur lækkað, segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lifeyrissjóðs. Að hans sögn hefur sjóðurinn ekki verið stórtækur á hlutabréfamarkaði undanfarnar vikur en engu að síður virkur.

Lifeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) hefur verið langsamlega atkvæðamesti lifeyrissjóðurinn á hlutabréfamarkaði á síðustu fjórum vikum og má varlega áætla, að sögn þeirra sem þekkja til, að sjóðurinn hafi keypt í skráðum félögum fyrir um átta milljarða á tímabilinu.

Lifeyrissjóður verslunarmanna (LIVE) og Gildi hafa aukið umsvif sín að undanförunu en Gildi keypti rúmlega fimm prósent hlut í VÍS fyrir 830 milljónir króna í síðustu viku. Þannig tók sjóðurinn við rúmum helmingi bréfa breska eignastýringarfyrirtækisins Miton Group sem seldi allan 9,1 prósent hlut sinn í íslenska tryggingafélaginu.

Miton seldi einnig allan 6,3 prósent eignarhlut sinn í Sjóvá fyrir um 1.160 milljónir króna í síðustu viku. Lifeyrissjóður verslunarmanna nýtti tækifærið til að bæta við sig 2,6 prósentum og LSR bætti við sig 2,5 prósentum. Þá hefur LIVE einnig bætt við sig í Arion banka, Högum og Origo.

Fyrir kaupin í Sjóvá hafði LSR sjóðurinn flaggað kaupum í þremur félögum í Kauphöllinni, Festi, Kviku og Regin, auk þess sem hann hefur bætt við sig bréfum í flestum öðrum fyrirtækjum. Þá bætti sjóðurinn verulega við hlut sinn í Arion banka í gær en í flöggun til Kauphallarinnar eftir lokun markaða kom fram að sjóðurinn hefði keypt 10 milljónir hluta, á genginu 50,5 krónur á hlut, og ætti nú 5,1 prósent hlut í bankanum.

„Á þessum tímum þá grípum við þau tækifæri sem gefast með langtímahagsmunum að leiðarljósi,“ segir Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri LSE, í samtali við Markaðinn. „Við höfum verið að taka til okkar það sem við höfum metið sem góðar fjárfestingar og höfum trú á að dýfan verði ekki það langvarandi,“ bætir hún við.

Spurð hvort æskilegt sé að lifeyrissjóðirnir auki virkni sína á markaði í þessu ástandi segist Harpa ekki vilja svara fyrir hönd annarra sjóða. „En við höfum talið það okkar hlutverk sem mjög stór aðili á markaðinum að vera þátttakendur í honum.“

Á meðal sumra viðmælenda Markaðarins á hlutabréfamarkaði, sem starfa meðal annars hjá stórum hlutabréfasjóðum, gætir pirrings yfir því að margir lifeyrissjóðir hafi haldið að sér höndum. Þeir geri lítið til þess að viðhalda veltu á markað-



Miklar verðsveiflur hafa verið á hlutabréfum síðustu vikur vegna útbreiðslu kórónaveirunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við höfum verið að taka til okkar það sem við höfum metið sem góðar fjárfestingar og höfum trú á að dýfan verði ekki það langvarandi.

Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri LSR



inum á meðan umbrot standa yfir. Sjóðirnir hafi komið þeim skilaboðum á framfæri til miðlara að þeir séu að „meta stöðuna“.

Ekki voru þó allir viðmælendur Markaðarins á einu máli um að lifeyrissjóðirnir ættu að blása lifi í hlutabréfamarkaðinn.

„Ég vil ekki að lifeyrissjóðirnir verði björgunarsveitir fyrir einkafjárfesta sem tóku of mikla áhættu og fóru illa út úr framvirkum samningum. Það væri ófaglegt að vera með stór kaupþilboð í öllum félögum til að geta tekið við hverju sem er,“ hafði einn á orði.

„Þeir geta hins vegar nýtt tækifærin sem fylgja veðköllum á slæmum dögum á markaði og tekið við bréfum á lágum verðum,“ bætti hann við.

Bæta við sig þegar rofar til

Ólafur segir að umboðsskylda lifeyrissjóðsins sé sú að tryggja lifeyrissjóðslur eins og kostur er með ábyrgum fjárfestingum. Það megi vera að tækifæri skapist á markaðinum en ekki megi gleyma því

að ríkar kröfur séu gerðar til fjárfestinga lifeyrissjóða. Þær þurfi að byggja á greiningu á upplýsingum.

„Það er ekki ólíklegt þegar rofar til að lifeyrissjóðir eins og aðrir fjárfestar horfi til mögulegra tækifæra á markaði og bæti við sig,“ segir Ólafur. Hann bendir á að innlendi markaðurinn sé ekki ólíkur alþjóðlegum mörkuðum sem einkennast af miklum lækkunum.

„Þar ber ekki mikið á umræðu um að tilteknum fagfjárfestum beri að stíga inn á markaðinn til að sporna við ástandinu,“ segir Ólafur.

Spurður hvort breyttar aðstæður kalli á breytt verklag hjá Birtu lifeyrissjóði segir Ólafur að samskipti við formann og varaformann stjórnar séu tíðari. Leitast sé við að upplýsa alla eins og kostur er.

„Mikill tími hefur farið í að undirbúa sjóðinn undir það sem blasir við öllum, virkja neyðaráætlun og auka fjárvinnugetuna eins og kostur er til að tryggja órofna starfsemi,“ segir Ólafur.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lifeyrissjóðsins, sagði í samtali við Markaðinn í síðustu viku að eftir miklar lækkanir á hlutabréfamörkuðum hér heima og erlendis síðustu vikur gætu farið að myndast tækifæri fyrir langtíma fjárfesta. Þó væri mikilvægt að slíkir fjárfestar héldu sjó og tækju ekki neinar skyndi-ákvarðanir. Skynsamlegast væri að þeir héldu sinni fjárfestingastefnu.

Haldi markaðinum gangandi

„Það eru mikil hagsmunir fölgirnir í því að hér sé lífvænlegur hlutabréfamarkaður. Nú má segja að ef menn ætla að halda hlutabréfamarkað-

Það er ekki ólíklegt þegar rofar til að lifeyrissjóðir eins og aðrir fjárfestar horfi til mögulegra tækifæra á markaði og bæti við sig.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu



inum gangandi þá verði lifeyrissjóðirnir að stíga inn,“ segir einn af viðmælendum Markaðarins. Hann bætir við að viðskiptavaktir bankanna, sem gegna því hlutverki að stuðla að góðri verðmyndun og seljanleika á markaði, hafi minnkað verulega áður en hremmingarnar byrjuðu. Fyrir vikið séu oft miklar verðsveiflur í litilli veltu.

Annar viðmælendi bendir á að vægi innlendra hlutabréfa í eignasafni lifeyrissjóðanna hafi minnkað vegna verðlækkana í Kauphöllinni og því sé „ekki óeðlilegt að sjóðirnir horfi til þess að bæta við sig í innlendum bréfum“.

Hlutabréfamarkaðnum er lýst sem óskræðum markaði eins og staðan er í dag af einum viðmælenda. Verðmyndunin sé svo óskilvirk. Hann segir að á meðal fagfjárfesta ríki sterkur skilningur á að nú sé ekki rétti tíminn til að kasta frá sér bréfum á þeim verðum sem eru í boði. Fagfjárfestar vilji heldur „kalla botninn og grípa tækifærin þegar þau gefast“.

thorsteinn@frettabladid.is

Fasteignafélög bjóða sveigjanleika en ekki afslætti

Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita sem meðal annars á Kringluna, segir að fasteignafélagið sé til viðræðu um að veita greiðslufrest á stórum hluta leigugreiðslna einn mánuð í senn til þeirra viðskiptavina sem það þurfa vegna samdráttar sökum kórónaveirunnar. „Við höfum ekki átt í viðræðum um að fella niður leigu eða veita afslætti. Við þurfum að reyna að sjá stóru myndina í þessu, óvissan er mikil eins og er,“ segir hann.

Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins sem meðal annars á Smáralind, segir að fasteignafélagið veiti viðskiptavinum sveigjanleika

með því að veita greiðslufresti, rétt eins og ríkisstjórnin bauð fyrirtækjum að gera varðandi tilteknar skattgreiðslur. Aðspurður hvort sveigjanleikinn geti falist í lægri leigugreiðslum segir hann svo ekki vera. „Við getum ekki tekið á okkur slíkt högg. Ekki fáum við afslátt af fasteignagjöldum eða vaxtagreiðslum. Það getur enginn einn í virðisdeðjunni gert eitthvað allt annað en allir hinir,“ segir hann.

Guðjón segir að það þurfi samstillt átak til að komast í gegnum efnahagsáfallið sem hlýst af kórónaveirunni. Stjórnvöld hafi kynnt sínar aðgerðir og þær muni hjálpa



Tíu verslunum og veitingastöðum hefur verið lokað. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

fyrirtækjum í gegnum tímabundna erfðileika í rekstri. „Aðgerðirnar miðast meðal annars að því að viðskiptabankarnir geti aukið útlán sín. Rykið á eftir að setjast og þá munum við betur átta okkur á okkar hlutverki í þessu,“ segir hann.

Nú hafa tíu verslanir og veitingastaðir lokað í Kringlunni vegna herts samkomubanns og fimm verslanir lokað í Smáralind.

Helgi bendir á að Smáralind sé 15 prósent af veltu Regins og Guðjón nefnir að hlutfall Kringlunnar sé einnig 15 prósent af tekjum Reita í eðlilegu árferði.

– hvj



HAFNARTORG REYKJAVÍK

Hafnartorg er blönduð byggð af nýjum skrifstofum, íbúðum og verslunum. Glæsilegar skrifstofur eru til leigu frá 120 til 1.500 fermetra. Í húsinu verður boðið uppá þjónustu við leigjendur s.s. móttökuritara og aðgang að sameiginlegum fundarherbergjum og skrifstofum. Einn stærsti bílakjallari landsins er undir Hafnartorgi og að Hörpu. Hafnartorg verður iðandi af mannlífi og menningu og kærkomin viðbót við stækkandi miðbæ Reykjavíkur.

Nýjar sérhannaðar skrifstofur í miðbæ Reykjavíkur

Heildarstærð er um 6.900 fm

Útleigurými frá 120 fm

Bílastæði eru neðanjarðar og tengist Hörpunni

Afhending hafin



URÐARHVARF 8 KÓPAVOGUR

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mótuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, móttöku og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.

Rými sérhönnuð fyrir skrifstofur eða heilbrigðisstarfssemi

Heildarstærð er um 16.500 fm

Útleigurými frá 220 fm

Næg bílastæði á lóð og í bílakjallara

Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn

Afhending hafin



REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG

REYKJASTRAETI.IS | S: 571-4990

Fasteignasafn Reykjastrætis telur um 33 þúsund fermetra í nokkrum nýbyggingarverkefnum sem eru tilbúin eða verða tilbúin á árinu 2020. Reykjastræti er systurfélag ÞG verktaka. Félagið leitar eftir farsælu langtíma viðskiptasambandi við sína leigjendur og stendur félagið fyrir gæði og áreiðanleika í viðskiptum.

Arðsemi bankans nái átta prósentum

Arðsemi Íslandsbanka þarf að nema átta prósentum til að hægt sé að selja bankann á bókfærðu virði í ríkisreikningi. Bankasýslan leggur til sölu eigna sem binda of mikið eigið fé. Stofnunin telur innlenda fjárfesta hafa nægt bolmagn til að eignast hlut í útboði.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Bankasýsla ríkisins telur ljóst að bæta þurfi arðsemi Íslandsbanka á næstu misserum þannig að hún verði álitleg fyrir tilvonandi fjárfesta þegar ríkið selur hlut í bankanum. Ætla megi að arðsemi bankans við sóluna þurfi að nema að lágmarki átta prósentum til þess að unnt verði að selja bankann á bókfærðu virði í ríkisreikningi. Til samanburðar var arðsemin 4,8 prósent í fyrra.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í sérstakri skýrslu Bankasýslunnar um fyrirhugað söluferli Íslandsbanka sem birt var í síðustu viku.

Eins og kunnugt er hefur stjórn Bankasýslunnar, sem fer með eignarhluti ríkisins í Íslandsbanka og Landsbankanum, dregið til baka tillögu sína til Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, um að selja að lágmarki fimmtungshlut í Íslandsbanka í samhliða söluferli. Ástæðan er sú mikla óvissa sem ríkir í efnahagsmálum vegna útbreiðslu kórónaveirunnar.

Í skýrslu Bankasýslunnar kemur fram það mat stofnunarinnar að ólíklegt sé að Íslandsbanki verði seldur á bókfærðu virði í ríkisreikningi – sem samsvarar 0,8 sinnum eigin fé bankans – miðað við núverandi arðsemi bankans og verðmat á hlutabréfum í evrópskum bönkum.

Stofnunin telur hins vegar að fyrirhuguð lækkun bankaskatts og iðgjalds í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta auk lægri eiginfjárfærna vegna útlána til litilla og meðalstórra fyrirtækja, samkvæmt Evrópureglugerð sem var innleidd í byrjun ársins, geti leitt til þess að arðsemi Íslandsbanka fari úr 4,8 prósentum í 6,2 prósent á næstu tveimur til þremur árum.

Skoði sölu eigna


Bankasýslan segist í skýrslunni leggja áherslu á að bankinn vinni áfram að því að auka arðsemi sína, til dæmis með því að lækka rekstrarkostnað, selja eignir sem binda of mikið eigið fé miðað við arðsemi og gefa út víkjandi skuldabréf sem tilheyra eiginfjárfætti 1, rétt eins og Arion banki gerði í síðasta mánuði.

Að mati Bankasýslunnar hafa bæði innlendir og erlendir fjár-



Bankasýsla ríkisins leggur til að í það minnsta fimmtungshlutur í Íslandsbanka verði boðinn til sölu þar sem aðallega verði stefnt að skráningu eignarhlutarins á markaði í kjölfar almenns hlutfjárútboðs. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

■ Hækkun sveiflujöfnunaraukans dregur úr útlánam



festar nauðsynlegt bolmagn til þess að eignast hlut í Íslandsbanka ef farin verður sú leið – sem stofnunin kys – að skrá hann á markaði í kjölfar útboðs. Telur Bankasýslan sem dæmi ljóst að innlendir stofnanafjárfestar „myndu auðveldlega ráða við að eignast fimmtungshlut í bankanum án þess að breyta mikið fjárfestingarstefnu sinni“.

Þannig bendir stofnunin á að söluandvirði fimmtungshlutar í Íslandsbanka geti legið á bilinu 21,3 til 35,5 milljarðar króna sem

myndi samsvara 2,5 til 4,2 prósentum af innlendu hlutabréfasafni héraðsra stofnanafjárfesta og 0,5 til 0,8 prósentum af innlendu eignasafni þeirra.

Ef allur eignarhlutur ríkisins í bankanum yrði seldur til slíkra fjárfesta gæti hann hins vegar numið á bilinu 12,6 til 21 prósent af innlendum hlutabréfum þeirra og 1,7 til 2,9 prósentum af heildareignum, samkvæmt greiningu Bankasýslunnar.

Bankasýslan telur enn fremur að

21

milljarður króna yrði söluandvirði fimmtungshlutar í Íslandsbanka miðað við gengið 0,6 sinnum bókfært eigið fé bankans.

áhugi innlendra fjárfesta, hvort sem er fagfjárfesta eða almennra fagfjárfesta, á að eignast hlut í bankanum verði fyrir hendi ef hann verður seldur með útboði.

Annars vegar sé markaður fyrir skráð hlutabréf hér á landi lítill miðað við verga landsframleiðslu sem bendir til þess að vægi innlendra hlutabréfa í eignasafni fjárfesta sé of lítið. Hins vegar sé líklegt að innlendir fjárfestar vilji eignast hlutabréf í félagi sem væri á meðal þriggja stærstu í héraðsri kauphöll með tilheyrandi seljanleika.

Í skýrslu Bankasýslu ríkisins er samruni Íslandsbanka og Arion banka auk þess útilokaður, nema að komi til sérstakrar lagasetningar, og dregið í efa og að slíkur samruni myndi skila þjóðhagslegum ábata.

Hækkun aukans slegið á útlánavöxt

Bankasýsla ríkisins telur sterkar vísbendingar um að hækkunir á sveiflujöfnunaraukanum, sem leggst ofan á eiginfjárfærur bankanna, hafi haft þau áhrif að draga úr útlánam bankanna og dregið þannig úr spennu í efnahagslífinu. Af þeim sökum hafi legið fyrir aðstæður sem styðji við lækkun aukans.

Til marks um að hækkunir á aukinum hafi slegið á útlánavöxt er í skýrslu Bankasýslunnar annars vegar bent á að hlutfall skulda heimila og atvinnufyrirtækja miðað við verga landsframleiðslu hafi náð hámarki um mitt ár 2019 en svo tekið að lækka í kjölfarið eftir að aukinn hafi verið hækkaður.

Hins vegar hafi raunvöxtur útlána til heimila og atvinnufyrirtækja farið hriðlækkandi frá því mars 2019, eftir að hafa náð hámarki í nóvember árið áður, og hafi verið orðinn neikvæður í nóvember í fyrra.

Að mati stofnunarinnar gætu töluverð samlegðaráhrif orðið af samruna bankanna í formi minni rekstrarkostnaðar en þannig telur hún mögulegt að spara um einn tíunda af rekstrarkostnaði sameiginlegs banka. Arðsemi af áframhaldandi starfsemi færi þá úr 6,1 prósent í 7,2 prósent um leið og samlegðaráhrifin væru að fullu nýtt.

Á móti bendir Bankasýslan á að „afar líklegt“ sé að samkeppnisýfirvöld myndu hafna samrunanum, enda skapi hann „augljósa hættu“ á samkeppnishömlum, hann geti raskað fjármálastöðugleika og þá myndi hann taka „dýrmætan tíma frá stjórnendum bankanna á tímum mikilla breytinga“.

Samkvæmt greiningu Bankasýslunnar er héraðsri markaður fyrir innlán „mjög mikið samþjappaður“, markaðir fyrir önnur útlán og hlutabréf „nokkuð samþjappaðir“ en markaðir fyrir íbúðalán til einstaklinga og skuldabréf „ekki samþjappaðir“, ef tekið er mið af reglum bandarískra samkeppnisfyrvalda. Þar sem mikil skörun sé á milli þjónustuframboðs viðskiptabankanna séu héraðsri samkeppnisýfirvöld „afar líkleg“ til þess að heimila ekki samruna þeirra á milli.

A4

VINNUM VEL HEIMA

Skapaðu þér gott vinnurými

Þegar vinnan færir inn á heimilið

Það getur verið krefjandi að sameina vinnu og heimili en það eru nokkur hlutir sem gera okkur enn frekar kleift að takast á við þær áskoranir. Gott er að hafa þessi fjögur atriði í huga þegar vinnan færir inn á heimilið:

1. Vera með vinnusvæði
2. Hafa verkefnalista
3. Skipuleggja vinnudaginn
4. Vera í góðu sambandi

Þessum einnig upp á líkamlega & andlega heilsu

Komdu öllu vel fyrir í lok dags

A photograph of two men, one younger with glasses and a light blue shirt, and one older with white hair and a checkered shirt, both looking at a tablet held by the younger man. A large white speech bubble graphic is superimposed over the image, containing the main headline and sub-headline. The background is split vertically, with a blurred office scene on the left and a solid red area on the right.

Hratt og örugglega

Eitt símtal og málið er leyst

Vodafone sinnir tæknilegum þörfum okkar hratt og örugglega.

Nánnar á vodafone.is/fyrirtaeki

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?



vodafone
fyrirtæki

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Birgir Haraldsson, sérfræðingur hjá Akta sjóðum, segir að nú sé ekki tími fyrir seðlabanka heimsins til þess að sýna of mikla varkárni. Þeir verði að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að blása lífi í lömuð hagkerfi heimsins. Nýta þurfi öll vopnin í búrinu, rétt eins og þeir hafi verið að gera síðustu vikur og daga til þess að bregðast við efnahagsáhrifum kórónaveirunnar.

„Aðstæðurnar eru slíkar. Það er nær fordæmalaust að þetta stór hluti heimshagkerfisins sé í stoppi svona snögglega,“ segir Birgir í samtali við Markaðinn.

Jón Danielsson, prófessor í hagfræði við London School of Economics, segist hafa trú á því að eftir skarpa niðursveiflu geti hagkerfi heimsins tekið hratt við sér að nýju þegar faraldurinn hefur gengið yfir. Sveiflan verði líkast til „v-laga“.

„Það er ekki verið að eyðileggja nein grundvallaratriði í efnahagslífinu, svo sem verksmiðjur, iðnað eða mörg fyrirtæki. Þannig að við getum brugðist mjög hratt við þegar við höfum náð tökum á útbreiðslu veirunnar,“ nefnir Jón í samtali við Markaðinn.

Seðlabankar og stjórnvöld í ríkjum um allan heim hafa á síðustu dögum og vikum gripið til umfangsmikilla aðgerða – mun umfangsmeiri en í kjölfar fjármálahrunsins haustið 2008 – til þess að milda það mikla högg sem hagkerfi heimsins verða fyrir vegna útbreiðslu kórónaveirunnar.

Auk sögulega stórra björgunarpakka sem stjórnvöld víðast hvar hafa boðað – að umfangi meira en tug prósentu af landsframleiðslu ríkjanna – hafa seðlabankar í flestum ríkjum lækkað vexti í stórum skrefum, slakað á bindiskyldu og eiginfjákröfum á banka og boðað kaup á skuldabréfum í mæli sem ekki hefur áður þekkt.

Gera „allt sem þarf“

Seðlabankastjórar og ráðamenn hafa undanfarið endurtekið fræg ummæli Mario Draghis, fyrrverandi bankastjóra Evrópska seðlabankans, sem lét hafa eftir sér í miðri evrukrísu á sumarmánuðum ársins 2012 að bankinn væri tilbúinn til þess að gera „allt sem þarf“ til þess að bjarga evrunni.

„Ekkert fyrirtæki, sama af hvaða stærð, mun verða í hættu á gjaldþroti“ vegna kórónafaraldursins, lýsti Emmanuel Macron, forseti Frakklands, yfir um leið og hann boðaði um þrjú hundruð milljarða evra ríkisábyrgð á lánum til franskra fyrirtækja sem glíma við lausafjörvanda í byrjun síðustu viku.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hafði nokkrum dögum áður lofað að gera „allt sem er nauðsynlegt“ til þess að takast á við áhrif faraldursins án þess að „við spyrjum okkur á hverjum degi hvað það þýði fyrir hallann á ríkissjóði“.

Þýska ríkisstjórnin hyggst í ljósi aðstæðna hverfa frá áratugastefnu sinni um hallalausan ríkisrekstur og engar nýjar lántökur, en hún hét því á sunnudag að auka ríkisútgjöld um líðlega 120 milljarða evra. Þau koma til viðbótar við 500 milljarða evra björgunarsjóð þýskra stjórnvalda sem mun fjárfesta í veikburða fyrirtækjum.

„Övenjulegir tímar krefjast övenjulegra aðgerða. Það eru engin takmörk fyrir skuldbindingum okkar gagnvart evrunni,“ áréttaði Christine Lagarde, bankastjóri Evrópska seðlabankans, þegar hún tilkynnti í miðri síðustu viku að bankinn hefði í hyggju að auka skuldabréfakaup sín um 750 milljarða evra á næstu níu mánuðum. Allt í allt mun bankinn þannig kaupa slík bréf, bæði ríkisbréf og fyrirtækjabréf, fyrir meira en 1.100 milljarða evra á tímabilinu.



Tilraunir seðlabanka á síðustu vikum til þess að róa fjárfesta hafa ekki tekist en miklar sveiflar hafa einkennt alþjóðlega hlutabréfamarkaði. MYND/AFP

Öll vopn nýtt gegn veirunni

Seðlabankar heimsins verða að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að blása lífi í hagkerfi heimsins að mati sérfræðings hjá Akta sjóðum. Þeir megi ekki sýna of mikla varkárni. Hagfræðiprófessor býst við hröðum bata eftir skarpt fall.

26%

er lækkun úrvalsvisitölu Kauphallarinnar undanfarinn mánuð.

Aðrir stærstu seðlabankar heims hafa einnig boðað stórauð kaup á skuldabréfum á markaði, samhliða því sem þeir hafa lækkað vexti niður í sögulegar lægðir. Lágir stýrivextir – sem eru sums staðar jafnvel neikvæðir – hafa gert það að

verkum að seðlabankar hafa þurft að reíða sig í æ ríkari mæli á önnur vopn í vopnabúrum sínum.

Seðlabankinn „rétt að byrja“

„Við erum bara rétt að byrja,“ sagði Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri þegar hann kynnti í liðinni viku ákvarðanir nefnda bankans um að annars vegar lækka stýrivexti um hálft prósentustig, í annað sinn á einni viku, og hins vegar aflétta tveggja prósentu kröfu um sveiflujöfnunarauka á bankana.

Í kjölfar vaxtalækkananna eru stýrivextir 1,75 prósent og hafa aldrei verið lægri.

„Við höfum þegar séð hundrað punkta lækkun á stýrivöxtum,“ segir Birgir, „og ég tel ekki ólíklegt að þeir lækki enn frekar og fari niður í eitt prósent. Lágir vextir eru mikilvægir í núverandi umhverfi til þess að styðja við fyrirtæki og heimili og sömuleiðis eignamarkaði eins og fasteignamarkaðinn.“

Lækkun bindiskyldunnar og sveiflujöfnunaraukans hafi auk þess verið gott og tímabært skref sem veiti bönkunum aukið svigrúm til þess að hjálpa fyrirtækjum að fleyta sér yfir þennan skell.

Ásgeir tók jafnframt fram á fyrrnefndum fundi að sameinuð stofnun Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins byggji yfir „ótal tækjum“ til þess að bregðast við efnahagsáhrifum kórónaveirunnar.

Og það liðu ekki nema fimm dagar þar til peningastefnunefnd Seðlabankans, með seðlabankastjóra í forsvari, ákvað að bankinn skyldi beita einu af umræddum tækjum sínum og hefja bein kaup á ríkisskuldabréfum í því skyni að fjármagna fyrirséðan hallarekstur ríkissjóðs.

Í yfirlýsingu nefndarinnar var tekið fram að útgáfa ríkisskuldabréfa myndi að öðru óbreyttu – án aðkomu Seðlabankans – draga úr lausafé í umferð og þrýsta upp ávöxtunarkröfu slíkra bréfa. Það myndi trufla „eðlilega miðlun

Seðlabankinn og stjórnvöld eiga að nýta öll þau tæki sem þau búa yfir og sýna í orði og verki að allt sé undir.

Birgir Haraldsson, sérfræðingur hjá Akta sjóðum



peningastefnunnar á sama tíma og aðgerðir Seðlabanka Íslands miða að því að létta á fjármálalegum skilyrðum heimila og fyrirtækja“.

Rétt eins og skuldabréfafjárfestar tóku vel í áform bankans – en skuldabréfavísitala GAMMA rauk upp um 1,4 prósent sama dag og tilkynnt var um fyrirhuguð kaup – tekur Birgir þeim fagnandi. Hann segir tilkynningu Seðlabankans ekki hafa komið beinlínis á övart en sýni svart á hvítu að bankinn sé tilbúinn til þess að beita öllum sínum tækjum til þess að styðja við hagkerfið í gegnum erfiða tíma.

Útvikki kaupáætlanir sínar

„Bankinn tilkynnti um kaup á ríkisskuldabréfum en ég get ímyndað



Stýrivextir á heimsvísu (í prósentum)



Valkostir seðlabanka

	Bandaríkin	Evrusvæðið	Bretland	Ísland	Japan
Neikvæðir stýrivextir	■	■	■	■	■
Skiptasamningar í dólum	■	■	■	■	■
Slökun á kröfum	■	■	■	■	■
Kaup á ríkisskuldum	■	■	■	■	■
Kaup á fyrirtækjaskuldum	■	■	■	■	■
Kaup á hlutabréfum	■	■	■	■	■

mér að þegar fram líða stundir, vextir hafa lækkað frekar og meiri viðspyrnu vantar í hagkerfinu, að bankinn hefji einnig kaup á skulda- bréfum sveitarfélaga og sértryggð- um bréfum bankanna.

Við sjáum á aðgerðum erlendra seðlabanka að þeir eru óhræddir við að stíga stór skref ef þeir telja

þörf á og útiloka fátt í þeim efnum. Það ætti ekki að hugsa um Seðla- bankann hérna neitt öðruvísi,“ nefnir Birgir.

Hlutirnir breytist hratt þessa dagana og nýjar aðgerðir seðla- banka um allan heim séu kynntar nær daglega.

Hvað aðgerðir Seðlabanka

33% er lækkun S&P 500 hluta- bréfavísitölunnar undan- farinn mánuð.

Íslands varðar er „allt í rétta átt“ að mati Birgis. „Vextir hafa lækkað og þegar þeir eru orðnir þetta lágir og líklegir til að lækka enn frekar þarf að huga að því að beita öðrum tækjum. Til dæmis ætti að reiða sig frekar á veikingu krónunnar til þess að örva hagkerfið og styrkja útflutningsgreinarnar á borð við ferðaþjónustuna.

Svigrúmið er talsvert enda hefur veiking krónunnar hingað til ekki smitast af neinu ráði inn í verð- bólguvæntingar og auðsæð er að framleiðsluslakinn verði gifur- legur næstu misseri. Það er lítil hætta á verðbólguskoti í þessu umhverfi. Á sama tíma er hægt að hafa áhrif á langtímavexti með því að hefja kaup á ríkisskuldabréfum eins og til stendur að gera og öðrum skuldabréfum á markaði ef þörf er á. Það þarf að nýta öll tækin til þess að skapa hér viðspyrnu því ljóst er að efnahagshöggði er mjög þungt,“ segir Birgir.

Býst við hröðum bata eftir skarpa niðursveiflu

„Þegar við horfum til baka eftir um hálfan áratug tel ég að við munum líklega sjá að áhrifin af vírusnum hafi verið miklu minni en við höldum að þau yrðu í seinni hluta mars árið 2020,“ segir Jón Danielsson, prófessor í hagfræði við London School of Economics, um efnahagsáhrif kórónaveirunnar sem herjar á heimsbyggðina.

Hann segir að vissulega verði „mikið áfall í efnahagslífinu á þessum og næsta fjórðungi, mögulega um tveggja til þriggja prósentu samdráttur í þjóðar- framleiðslu, sem er slæmt mál en þó enginn heimsendir. Miðað við fyrirsagnir blaðanna og andrúms- loftið núna munum við sennilega sjá að efnahagsástandið verði betra en við gætum haldið“.

Ástæðan sé meðal annars sú að fólk verði flest ekki fyrir miklum efnahagslegum áhrifum af faraldrinum næsta hálfa árið. Flestir starfsmenn muni halda vinnu og launum.

Jón segist hafa trú á því að eftir skarpa niðursveiflu geti hagkerfi heimsins tekið hratt við sér að nýju þegar faraldurinn hefur gengið yfir. Sveiflan verði líkast til „v-laga“.

„Það er ekki verið að eyðileggja nein grundvallaratriði í efna- hagslífinu, svo sem verksmiðjur, iðnað eða mörg fyrirtæki. Þannig að við getum brugðist mjög hratt við þegar við höfum náð tókum á útbreiðslu veirunnar.

Þetta er ekkert í líkingu við

efnahagshrunið árið 2008. Það kom til vegna innri vandamála fjármálakerfisins. Nú verðum við fyrir eftirspurnarfalli. Flestar fjármálakrisur eru búnar til af fjármálakerfinu sjálfu og þær eru svo skaðlegar því þegar fjármálakerfið hættir að veita þjónustu fá fyrirtæki ekki lánsfjármagn, ekki verður hægt að stunda eðlilega verslun og mikill langtímasamdráttur verður í efnahagslífinu.

Nú er mikilvægasti hluti fjármálakerfisins, bankarnir, hins vegar í mjög góðri stöðu. Þeir búa yfir miklu eigin fé og hafa sterka lausafjárstöðu. Bankarnir eru heldur ekki að lána þeim sem eru hvað skuldsettastir. Aðrir, til að mynda ríkisfjárfestingasjóðir og skuldabréfasjóðir, sjá um það. Jafnvel þótt slíkir sjóðir verði fyrir skelli mun það ekki hafa gríðarleg áhrif í efnahagslífinu.

Þannig að allt bendir til þess að bankakerfið muni áfram geta starfað í gegnum þetta tímabil og það er mjög mikilvægt,“ segir Jón.

Hann bendir þó á að vissulega muni einhverra langtímaáhrifa gæta af efnahagsáfallinu sem nú dynur yfir.

„Skipulagning efnahagslífs heimsins mun breytast af þessum sökum. Efnahagslífið mun líta töluvert öðruvísi út eftir virusinn en fyrir hann. Það þarf ekki endilega að vera jákvætt fyrir Íslendinga en það er ekki endilega neikvætt fyrir heiminn.“

Það er ekki verið að eyðileggja nein grundvallaratriði í efna- hagslífinu, svo sem verk- smiðjur, iðnað eða mörg fyrirtæki.

Jón Danielsson, prófessor í hagfræði við London School of Economics



áhrifum af veirunni, fái vernd þar til það getur farið að starfa aftur annars staðar,“ nefnir Jón.

Aðgerðir sem gripið hafi verið til víða um heim, frestun á ýmsum afborgunum og greiðslum á meðan ástandið varir, séu af hinu jákvæða.

„Það sem ég óttast hins vegar,“ bætir Jón við, „er að við hjálpum einkafyrirtækjum of mikið. Ég lít svo á að það sé ekki hlutverk ríkis- valdsins að aðstoða eigendur fyrir- tækja sem eru í áhætturekstri.

Ef einkafyrirtæki verða gjald- prota eða fara illa út úr þessum hremmingum er heldur ekki eins og að verksmiðjur, flugvélar eða framleiðslutæki muni eyðileggjast, heldur ætti einhver annar að geta keypt þau og haldið áfram að veita þá þjónustu sem þau veittu.

Í mínum huga er það lykilatriði að ef ríkið á að koma að málum og bjarga einkafyrirtækjum sem eru í mikilvægum rekstri, hvort sem það eru framleiðslufyrirtæki eða fjár- málafyrirtæki, verði það á móti að fá eignarhald í fyrirtækjunum. Það er algjört skilyrði. Eigendur fyrir- tækja eru í áhætturekstri og ríkið á ekki að vernda fólk í slíkum rekstri. Við þurfum að vernda framleiðslu fyrirtækjanna og starfsmenn þeirra en ekki eigendur,“ segir Jón.

Þetta er ekki verið að eyðileggja nein grundvallaratriði í efna- hagslífinu, svo sem verk- smiðjur, iðnað eða mörg fyrirtæki.

Þess ber að geta að nýkynntur aðgerðapakki ríkisstjórnarinnar er aðeins fyrstu aðgerðir stjórn- valda. „Við erum mjög meðvituð um að það muni þurfa að gera meira,“ sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra þegar hún kynnti aðgerðirnar síðasta laugardag.

Bjarni hefur áður ítrekað í þessu sambandi að það sé „betra að gera meira og taka af því kostnað en að gera of lítið“.

Birgir segist taka undir þau skila- boð.

„Það er til dæmis lítið mál að hækka vexti að nýju og vinda þann- ig ofan af kröftugum vaxtalækk- unum ef hagkerfið tekur við sér, í stað þess að missa frá sér aðstæður vegna ofurvarkárni. Seðlabankinn og stjórnvöld eiga að nýta öll þau tæki sem þau búa yfir og sýna í orði og verki að allt sé undir. Það eru réttu viðbrögðin og við höfum verið að sjá það gerast sem er jákvætt,“ nefnir Birgir.

Brýnast að vernda fólk

Jón segir að heilt yfir hafi yfirvöld og seðlabankar um heiminn brugð- ist tiltölulega vel við útbreiðslu veirunnar. Það sem skipti mestu máli sé að vernda það fólk sem verði fyrir áföllum.

„Það er mikilvægt að þetta fólk, til dæmis þeir sem starfa í atvinnu- greinum sem verða fyrir miklum



Árni Oddur Þórðarson, forstóri Marels. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fjárhagur Marels betri en keppinauta

Fjárhagur Marels er langsamlega bestur á meðal evrópskra fyrirtækja sem þróa og framleiða fjárfestingarvörur (e. capital goods), samkvæmt greiningu JP Morgan. Horft var til 38 félaga sem skráð eru á hlutabréfamarkað. Fyrirtækin eiga það sameiginlegt að þróa tæki sem framleiða aðrar vörur, eins og í til dæmis fiskvinnsluvélar. Greiningin var tekin saman í ljósi þess að efnahagsumsvif hafa dregist hratt saman vegna kórónaveirunnar.

» Lausafjárstaða Marels er best á meðal evrópskra fyrirtækja sem þróa og framleiða fjárfestingarvörur.

Mælikvarðinn sem miðað er við er fenginn með því að draga skammtímaskuldir frá reiðufé og ónotuðum lánalínum og það sett í hlutfall við sölu. Hlutfallið hjá Marel er í kringum 75 prósent, um 50 prósent hjá næsta fyrirtæki á eftir sem heitir Spectris, og er liðlega 45 prósent hjá Halma sem státar af þriðja sætinu. Önnur félög standa verr að vígi á þennan mælikvarða.

Samkvæmt greiningunni, sem birtist í síðustu viku og Markaðurinn hefur undir höndum, er fjárhagsstaða fyrirtækjanna almennt góð með tilliti til skuldsetningar og vanda sem kann að skapast vegna lausafjárþurrðar. Aftur á móti sé erfitt að leggja mat á áhættu sem kunni að skapast vegna viðskiptavina sem séu afar skuldsettir eða eigi í miklum vanda vegna kórónaveirunnar. Eins sé misjafnt hve þungt hægagangur í efnahagslífinu leggst á rekstur þeirra.

JP Morgan horfði til reksturs fyrirtækjanna árið 2009, sem var mörgum þungt í skauti vegna fjármálakreppunnar 2008, og komst að því að lausafjárstreymi flestra þeirra hafi þá verið jákvætt. Greinendur bankans segja að það séu góð tíðindi. Að því sögðu gæti efnahagsáfallið vegna kórónaveirunnar verið enn verra. Marel, sem var skráð í kauphöllina í Amsterdam í júní í fyrra, hefur ekki farið varhluta af áhrifum farald-ursins og hefur hlutabréfaverð félagsins lækkað um 18 prósent frá áramótum. – hvj

EpiEndo gæti leikið stórt hlutverk í næsta veirufaraldri

Íslenska fyrirtækið EpiEndo Pharmaceuticals þróar frumlyf sem gæti verkað gegn veirum sem herja á lungun eins og SARS-CoV-2. Fá brátt niðurstöður úr rannsókni á virkni lyfsins gegn svokallaðri RS-veiru. Senda lyfið til rannsóknarstofa erlendis sem eru með sýni af kórónaveirunni til frekari rannsókna.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson tfh@frettabladid.is



EpiEndo Pharmaceuticals hefur þróað afleiðu af lyfinu Zitromax, en vísbendingar eru um að það hafi virkni gegn COVID-19 sjúkdómnunum. Stefnt er að því að senda efnin til frekari rannsókna á erlendum rannsóknastofum. Ef niðurstöðurnar verða jákvæðar gæti lyfið sem EpiEndo er að þróa leikið hlutverk í baráttunni gegn veirufaröldrum framtíðarinnar.

„Við erum í samskiptum við erlendar rannsóknastofur sem eru með sýni af SARS-CoV-2 veirunni og stefnum á að senda þeim okkar efni til frekari rannsókna sem vonandi sýna fram á virkni gegn áhrifum veirunnar í dýrum,“ segir Fredrik Lehmann, forstjóri íslenska lyfjaþróunarfyrirtækisins, í samtali við Markaðinn. Fyrirtækið var stofnað af Friðriki Rúnari Garðarssyni lækni árið 2014.

Nýlegar niðurstöður úr athugun í Frakklandi benda til þess að blanda malaríulyfsins Chloroquine og sýklalyfsins Azithromycin (Zitromax) hafi góða virkni gegn COVID-19-sjúkdómnunum.

Kórónaveiran sest á þekjuna í öndunarveginum og fer inn í þekjufrumurnar. Hún fjölgar sér í frumunum og eyðileggur þannig þekjuna. Sjúkdómsferlið er viðgerð líkamans á þekjunni. Zitromax er eitt af fáum lyfjum sem bæla niður þráláta sjúkdóma í öndunarferum. Almennt hefur verið talið að það sé vegna bólgueyðandi eiginleika en einnig virðist vera að lyfið styrki þekju öndunarvegarins.

„Þetta er ástæðan fyrir því að við teljum að efnin okkar verki gegn áhrifum veirunnar í öndunarveginum. Samkvæmt fræðunum virðist svo vera en þörf er á frekari rannsóknum,“ segir Fredrik. Hann tekur skýrt fram að EpiEndo sé ekki að þróa lyf við kórónaveirunni heldur að athuga hvort lyfið hafi einhverja virkni gegn veirusjúkdómum í viðari skilningi.

„Það vill svo til að fyrir jól ákváðum við að rannsaka hvort lyfið sem við erum að þróa hefði veiruhamlandi eiginleika. Það var ekki uppleggið þegar við hófum þetta ferli. Við lögðum upp með að þróa lyf gegn sjúkdómum í öndunarferum á borð við langvinna lungnateppu og astma,“ segir Fredrik Lehmann.



Finnur Friðrik Einarsson rekstrarstjóri og Friðrik Rúnar Garðarsson, stofnandi EpiEndo. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Styrkir málstaðinn fyrir næstu hlutafjárukningu

EpiEndo hlaut á dögunum 340 milljóna króna styrk úr sjóði nýsköpunarnefndar Evrópusambandsins (EIC) vegna þróunar á nýja lyfinu.

Auk styrkveitingarinnar lauk fyrirtækið nýverið tveggja milljóna evra hlutafjárukningu eða sem svarar til 275 milljóna króna en frá stofnun hefur fyrirtækið safnað um átta og hálfri milljón evra, eða um 1,2 milljörðum íslenskra króna. Stefnt er að frekari fjármögnun um mitt ár 2020 sem gæti numið

um 750 til 1.000 milljónum íslenskra króna þar sem um 400 milljónir gætu komið úr sjóði EIC.

Spurður hvort útbreiðsla kórónaveirunnar hafi einhver áhrif á fjármögnunaráform EpiEndo ítrekar Fredrik að faraldurinn varpi ljósi á mikilvægi nýrra leiða til að meðhöndla veirusjúkdóma. Það geti styrkt málstað fyrirtækisins í næstu hlutafjárukningu.

Enn langt í land

EpiEndo á von á niðurstöðum úr fyrstu veirurannsókn sinni í lok þessarar viku eða næstu viku. Þar voru rannsökuð áhrif lyfsins gegn RS-veirunni sem veldur skæðri lungnabólgu í börnum.

Ef lyfið sem EpiEndo er að þróa fær enga hraðmeðferð hjá Lyfjastofnun Evrópu, mun ekki vera hægt að skrifa upp á það fyrr en árið 2027 eða 2028. Stjórnendur EpiEndo gera sér hins vegar væntingar um að lyfið fáið samþykkt fyrir sjúklinga sem eru hvað lengst leiddir á árinu 2025.

„Það er langt í land en hafa ber í huga að veirufaraldrar herja á heimsbyggðina með reglulegu millibili. Við höfum séð að það getur reynst snúið að þróa bóluefni gegn veirum og þess vegna er þörf á nýjum leiðum til að meðhöndla veirusjúkdóma. Þegar næsti far-

aldur hefst verður lyfið vonandi komið á markað svo hægt sé að nota það gegn sjúkdómnum ef það hefur slíka virkni,“ segir Fredrik.

Ekki hægt að nota gamla lyfið á stórum skala

Ástæðan fyrir því að Zitromax er ekki notað til meðhöndlunar þrálátra öndunarvegasjúkdóma er sú að útbreidd langtímanotkun leiðir óhjákvæmilega af sér myndun ónæmra bakteríustofna gegn sýklalyfinu. Það getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og þess vegna eru takmarkaðir möguleikar á notkun Zitromax gegn veirufaraldri.

EpiEndo hefur hins vegar fjarlægt eiginleika lyfsins sem drepa bakteríur án þess þó að draga úr þekjuefandi og bólgueyðandi eiginleikum þess. Útbreidd notkun til lengri tíma skapar því ekki hættu á bakteríuónæmi.

» Þegar næsti faraldur hefst verður lyfið vonandi komið á markað svo hægt sé að nota það gegn sjúkdóminum ef það hefur slíka virkni.

Fredrik Lehmann, forstjóri EpiEndo Pharmaceutical



„Sjálfsagt verður Zitromax notað í einhverjum mæli til að bregðast við faraldrinum en það er skammtímalausn. Okkar lyf gæti orðið sjálfbær lausn sem hægt er að nota á stórum skala til lengri tíma,“ segir Fredrik.

Um 33 milljóna króna kostnaður af störfum Lúðvíks

Kostnaður Festar af störfum sérstaks kunnáttumanns, sem fylgist með því að skilyrðum í sátt félagsins við Samkeppniseftirlitið vegna kaupa N1 á Festi sé fylgt eftir, nam samantlagt tæplega 33 milljónum króna í fyrra. Þetta kom fram í kynningu Margrétar Guðmundsdóttur, stjórnarformanns Festar, á aðalfundi félagsins á mánudag.

Umræddur kunnáttumaður, Lúðvík Bergvinsson héraðsdómslögmaður, var skipaður af Samkeppniseftirlitinu í kjölfar þess að N1 og eftirlitið náðu samkomulagi um sátt vegna kaupa olíufélagsins á Festi í lok júlí árið 2018. Af sáttinni leiddi

að skipa þurfti óháðan kunnáttumann sem ætlað er að hafa eftirlit með þeim aðgerðum sem kveðið er á um í sáttinni.

Á meðal þeirra verkefna sem Lúðvík hefur komið að eru söluferli Dælnnar og verslana Kjarvals á Hellu og Krónunnar á Hvolsvelli.

Fram kom í kynningu Margrétar að heildarkostnaður Festar af störfum Lúðvíks hefði numið tæplega 41 milljón króna á síðari hluta árs 2018 og í fyrra. Samkvæmt aðurnefndri sátt lýkur störfum hans sumarið 2023.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafnaði fyrr í mánuðinum kröfu Festar um að felld yrði úr gildi sú



Lúðvík Bergvinsson lögmaður.

» Á meðal þeirra verkefna sem Lúðvík hefur komið að eru söluferli Dælnnar og verslana Kjarvals á Hellu og Krónunnar á Hvolsvelli.

ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að leyfa Lúðvík að afla sér utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar vegna mats á skilmálum og verðskrá Olíudreifingar, sem er að hluta í eigu N1.

Lúðvík óskaði eftir umræddri aðstoð í september í fyrra en hann sagðist í erindi sínu skorta þá þekkingu á olíuviðskiptum og olíudreifingu sem nauðsynleg væri til þess að meta hvort skilmálar Olíu-

dreifingar féllu að aðurnefndri sátt N1 og Samkeppniseftirlitsins. Eftirlitið féllst á beiðnina í nóvember og var sú ákvörðun í kjölfarið kærð af Festi til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Forsvarsmenn Festar báru því við að Lúðvík hefði fullnægjandi möguleika á því að sinna eftirliti sínu án utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar eins og sakir stæðu.

Áfrýjunarnefndin taldi hins vegar ekki tilefni til þess að draga í efa það mat Lúðvíks að utanaðkomandi ráðgjöf væri nauðsynleg til þess að eftirliti hans yrði sinnt með fullnægjandi hætti og hafnaði kröfu Festar. – kjj

Upplýsingaskylda skráðra félaga á óvissutímum



Stefán Orri Ólafsson
lögmaður á LEX

Það er skammt stórra högga á milli þessa dagana. COVID-19 veiran fer um eins og eldur í sinu og þær aðgerðir sem ríki heims hafa gripið til með það að markmiði að hefta útbreiðslu hennar eiga sér vart hliðstæðu. Efnahagsleg áhrif eru mikil og nær ómögulegt að segja til um hvenær ástandinu linnir. Hlutabréfamarkaðir heimsins hafa ekki farið varhluta af ástandinu og hafa miklar verðsveiflur átt sér stað síðustu vikur. Íslenski markaðurinn er þar engin undantekning. Markaðsvirði hlutabréfa byggir enda aðallega á þeim upplýsingum sem liggja fyrir um útgefendur þeirra hverju sinni. Hvers konar óvissa er eitur í beinum fjárfesta. Þess vegna er mikilvægt fyrir skilvirkni hlutabréfamarkaða að þar séu birtar skýrar og réttar upplýsingar.

Afkomutilkynningar skráðra félaga hafa að geyma yfirlit yfir helstu lykiltölur úr rekstri þeirra og gefa fyrirheit um það sem koma skal. Mörg félög birta svo til viðbótar sérstakar afkomuspár, eða væntingar um rekstur sinn til framtíðar. Ætla má að það ástand sem nú ríkir muni hafa veruleg neikvæð áhrif á rekstur margra félaga. Vaknar því sú



spurning hvort, og þá hvenær, skráð félög þurfi að birta sérstaka tilkynningu þar um, þ.e. afkomuviðvörðun.

Samkvæmt lögum um verðbréfa viðskipti ber útgefendum skráðra hlutabréfa að birta allar innherjaupplýsingar sem varða þá eins fljótt og auðið er. Veruleg breyting frá áður birtum upplýsingum, í meðal annars afkomutilkynningum, afkomuspám eða væntingum getur, að öðrum skilyrðum uppfylltum, falið í sér innherjaupplýsingar í skilningi laga um verðbréfa viðskipti sem útgefanda er skylt að birta. Við ákveðnar kringumstæður er útgefanda heimilt að fresta slíkri birtingu. Skilyrði frestunarinnar er að hún sé nauðsynleg til að vernda

lögmæta hagsmuni útgefandans, að frestunin sé ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi og að útgefandi geti tryggt trúnað um upplýsingarnar. Skilyrði þessi eru ströng og óvissuástand eins og nú er uppi telst eitt og sér ekki fullnægja þeim. Hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) til að mynda gefið út að frestun á birtingu innherjaupplýsinga um að áður birtum, fjárhagslegum markmiðum útgefanda verði líklega ekki náð, sé líkleg til að villa um fyrir almenningi í framangreindum skilningi. Verður undanþáguheimildinni því væntanlega ekki beitt við þær aðstæður sem nú ríkja.

Á hinn bóginn er mikilvægt

●● Sé tekið mið af nýlegum dómi Hæstaréttar, svokölluðu Eimskipsmáli, hafa skráð félög lítið svigrúm til að bregðast við ef innherjaupplýsingar myndast í rekstri þeirra þannig að skylda til birtingar afkomuviðvörðunar verði virk.

að hafa í huga að til að birtingarskylda útgefanda verði virk við þessar aðstæður, þurfa upplýsingar um breytta afkomu að teljast innherjaupplýsingar í skilningi laga

um verðbréfaviðskipti. Til að svo sé þurfa upplýsingarnar að vera nægilega tilgreindar og líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð viðkomandi hlutabréfa. Um vandmeðfarið huglægt mat er að ræða, en segja má að skilyrðið sé fyrst uppfyllt þegar raunhæfar horfur eru á að vænt afkoma muni verða talsvert verri eða betri en áður birt afkomuspá eða væntingar gerðu ráð fyrir og að líklegt sé að fjárfestar noti þær upplýsingar sem hluta af þeim grunni sem þeir byggja fjárfestingarákvarðanir sínar á. Umtalsverð óvissa og ágískanir um áhrif núverandi ástands á rekstur félaga kunna því að falla utan skilyrðisins. Þetta er eðlilegt, enda getur birting óljósra upplýsinga haft þveröfug áhrif en ætlast var til með birtingu þeirra og skapad meiri óvissu um verðmyndun hlutabréfa viðkomandi félags. Hvar mörkin liggja í þessu sambandi er þó erfitt að skilgreina og þarf að skoða í hverju og einu tilviki.

Af framangreindu leiðir að skráð félög þurfa að endurmeta afkomuspár sínar og upplýsingagjöf um rekstrarvæntingar reglulega, við þær aðstæður sem uppi eru og birta upplýsingar um afturköllun þeirra eða veruleg frávik, ef nánar tilgreind skilyrði eru uppfyllt. Við það mat og mögulega birtingu uppfærðra upplýsinga verða útgefendur að vanda vel til verka og vera á tánum. Sé tekið mið af nýlegum dómi Hæstaréttar í máli nr. 40/2019, svokölluðu Eimskipsmáli, hafa skráð félög lítið svigrúm til að bregðast við ef innherjaupplýsingar myndast í rekstri þeirra þannig að skylda til birtingar afkomuviðvörðunar verði virk.

VIÐ VINNUM FYRIR ÞIG.

Traust | Þekking | Árangur

MAGNA

L Ö G M E N N

LOGMENN@MAGNA.IS | 571 5400 | MAGNA.IS



Aðstoð við fyrirtæki - aðrar leiðir færar



Guðni Á. Haraldsson hæstaréttar-lögmaður hjá LÖGGARÐI lögmannsstofu.

Forðæmalaust ástand ríkir nú hér á landi. Markaðir eru að hrynja og enginn getur í raun spáð fyrir um þær efnahagslegu afleiðingar sem af þessu verða. Það sem við vitum þó er sú staðreynd að þetta mun ganga yfir. Landið mun rísa.

Í umfjöllun þeirri sem nú á sér stað um efnahag fyrirtækja, hefur umræðan oft snúist um lífvænleg fyrirtæki og tæki til þess að bjarga þeim. Þetta þýðir aftur að ólífvænleg fyrirtæki eigi ekki að fá björgun frá viðskiptabönkum eða stjórnvöldum. Ekki má gleyma þeirri staðreynd að þessi fyrirtæki hafa einnig starfsfólk sem á allt sitt undir.

Óneitanlega rifjast upp við þetta þær ákvarðanir sem teknar voru eftir hrun þar sem fyrirtækjum var skipt upp í þessa flokka. Þannig fengu sum að lifa með aðstoð banka, meðan önnur voru keyrð í þrot eða tekin yfir affjármálastofnunum. Nú er það svo að það eru til hér á landi fyrirtæki sem eiga sér langa rekstrar-sögu en skulda samt mikið og þá kannski vegna skuldsettrar yfirtöku eða vegna slæms reksturs núverandi eigenda. Að taka ákvörðun nú um að slík fyrirtæki séu ekki „lífvænleg“ eins og það er orðað, er nokkuð djörf ákvörðun og sérstaklega í ljósi þess að hér er um tímabundið ástand að ræða. Og þá er kannski ástæða til þess að læra af þeim mistökum sem gerð voru eftir hrun í þessum efnum.

Það eru til ýmsir aðrir möguleikar fyrir skuldsett fyrirtæki, en að treysta alfarið á aðstoð banka og ríkissjóðs. Í lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti er að finna tvær slíkar leiðir. Sú fyrri er greiðslustöðvun. Samkvæmt lögnum má skuldari, sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum og vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín með aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda, sem hann hefur ráðið í því skyni, leita heimildar til greiðslustöðvunar. Slík beiðni er þá lögð fyrir héraðsdóm og verði dómurinn við slíkri beiðni er skuldara skipaður aðstoðarmaður. Þessi leið er skuldurum fær og veitir þeim greiðslufrest og greiðsluskjól meðan unnið er að endurskipulagningu fjárhags þeirra. Hún á bæði við um einstaklinga og fyrirtæki. Í þessum sömu lögum er einnig að finna ákvæði um nauðasamninga. Með nauðasamningi er átt við samning um greiðslu skulda eða eftirgjöf af skuldum, sem kemst á milli skuldarans og áskilins meirihluta lánardrottna hans og hlýtur síðan staðfestingu fyrir dómi. Nauðasamningur, sem þannig er gerður, bindur einnig aðra lánardrottna skuldarans eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögnum.

Þá geta skuldarar leitað svokallaðra óformlegra nauðasamninga. Slíkir samningar eru ekki lögbundnir og lúta að því að ná samkomulagi við kröfuhafa um að fella niður hluta af skuldum og freista þess þannig að halda rekstri viðkomandi gangandi þangað til mestu erfiðleikar eru að baki. Kröfuhafar geta séð sér hag í slíkum samningum líkt og á við um formlega nauðasamninga, enda leiða gjaldþrot oftast til þess að allar kröfur tapast.

Það eru því ýmsar leiðir færar þegar kemur að því að taka ákvarðanir er lúta að rekstrarhæfni fyrirtækja. Og af því að hér er um tíma-bundið ástand að ræða ber að skoða alla þá möguleika sem í boði eru áður en félög og heimili eru sett í þrot.

Þurfa að forðast frumhlaup

Svipmynd

Helga Viðarsdóttir

Nám: M.Sc.-gráða í viðskipta- og markaðsfræði frá Viðskipta-háskóla Árósa, með áherslu á viðskipti milli fyrirtækja (B2B-viðskipti). B.Sc.-gráða í rekstrarhagfræði frá Háskólanum á Akureyri.

Störf: Framkvæmdastjóri Spakur Finance sf.

Fjölskylduhagir: Í sambandi með Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, móðir Viktors (21 árs) og Freyju (18 ára).

Helga Viðarsdóttir er framkvæmdastjóri ráðgjafarstofunnar Spakur sem aðstoðar nýsköpunarfyrirtæki við verðmat og viðskiptaþróun – og síðan fjármögnun. Nú síðast kom Spakur að rúmlega 200 milljóna króna fjármögnun Responsible Foods sem þróar nýtt heilsunasl úr íslenskum hráefnum, en áður hefur Spakur komið að margvíslegum frumkvöðlaverkefnum.

Hvernig er morgunrútinan þín?

Ég byrja daginn á hreyfingu – til þess að fá blóðið af stað. Oftast hleyp ég úti en hef orðið að fara á bretti á þessum þunga vetri. Ég hef síðan staðfasta trú á mikilvægi staðgóðs morgunverðar – hann þarf að vera hollur! Ég les svo blóðin áður en ég legg af stað til vinnu.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég hef mikinn áhuga á útivist og í raun öllu sem tengist náttúru- og dýralífi. Draumurinn er að sameina vinnu og áhugamál – flytja út í sveit. Raunar er þetta komið svo langt að ég stefni á að búa í sumarbústaðnum mínum næsta sumar – en sækja áfram vinnu í höfuðborgina. Ég er þegar farin að hlakka til.

Nærðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?

Ég reyni mitt besta til að sleppa taki á vinnunni þegar ég fer heim í lok dags. Hins vegar er ég svo heppin að starfa með góðu og skemmtilegu fólki og við krefjandi og spennandi verkefni. Ég tel það því ekki eftir mér að „logga inn“ um helgar og á kvöldin ef svo ber undir.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Margar bækur koma upp í hugann, en ég ætla að nefna tvær bækur. Sú fyrri er What I talk about when I talk about running, eftir Haruki Murakami og kom út árið 2008. Þetta er auðvitað snilldarbók sem segir frá hlaupaferli Murakami – en í grunninn er hún leiðarvísir að því hvernig hægt er að ná árangri í nánast hverju sem er með einbeitni og þölgæði. Ég hef tekið þetta til mín í mínu starfi – enda eru þetta lyk- ilatriði þess að frumkvöðlasprotar verði að stofni.

Seinni bókin sem ég vil nefna er



Helga segir að hægt sé að efla íslenska nýsköpun með einfaldara regluverki. Það sé þungt í vöfum. MYND/SAGA SIG

ævisaga Katrínar miklu eftir Jón Þ. Þór sem kom út árið 2018, en hún segir frá ákaflega merkilegri áhrifa-konu, sem ekki bara réði ríkjum í Rússlandi á 18. öld í rúm 30 ár, heldur stækkaði ríkið og kom fram miklum umbótum. Hún gerði í raun Rússland að evrópsku stórveldi. Svo var margumrætt einkalíf hennar mjög skrautlegt.

Hvernig er fjármögnunar- umhverfið fyrir nýsköpunar- fyrirtæki á Íslandi?

Það fer ört batnandi. Með aukn- um skilningi á mikilvægi nýsköpunar hafa styrkjamöguleikar margfaldast. Það hefur skilað árangri – og við munum sjá ný frumkvöðlafyrir- tæki láta til sín taka í íslensku efna- hagslífi á næstu árum. Að sama skapi hefur skilningur og læsi á ávöxtun fjármagns aukist almennt

●● **Það að starfsmenn hafi beinan fjár- hagslegan hag af því að markmiðum fyrirtækisins sé náð, eykur verulega líkur á árangri.**

og árangur nýsköpunarfyrirtækja skapað og aukið auð einstaklinga hlutfallslega meira en nokkur önnur starfsemi í heiminum

Hver eru algengustu mistökin sem frumkvöðlar gera í fjármögnun eða viðskiptaþróun?

Það skiptir miklu máli fyrir frumkvöðulinn að fara ekki of snemma af stað með fundi til þess

afla fjármagns og verðleggja félagið rétt frá byrjun. Oft er ekki hægt að fá annan séns hjá fjárfestum – ef frumhlaup á sér stað. Það skiptir máli að vera vel undirbúinn. Af þessum sökum leggjum við hjá Spak höfuðáherslu á verðmat og vel útfærðar viðskiptaáætlanir – og það hefur verið okkar lykill að árangri.

Hvaða skref er hægt að taka til að efla íslenska nýsköpun?

Númer 1, 2 og 3 er einfaldara regluverk. Íslendingar eru frumkvöðlar í eðli sínu en regluumhverfið er óþægilega flókið og þungt í vöfum. Ég gæti nefnt skattaaf- slætti fyrir fjárfestingu í nýsköpun og kaupauka starfsmanna. Það að starfsmenn hafi beinan fjárhags- legan hag af því að markmiðum fyrirtækisins sé náð, eykur verulega líkur á árangri.

Ekki hvað þú sagðir heldur hvernig þú sagðir það



Björn Berg Gunnarsson deildarstjóri fræðslu og greiningar hjá Íslandsbanka.

Fyrir rétt um 80 árum var alls övíst um öryggi og sjálfstæði Breta. Eftir ófárinir í Dunk- irk sumarið 1940 og loft-árásir Þjóðverja í kjölfarið rétt hékk þjóðarsálin saman af gömlum vana. Nauðsynlegt var fyrir lands-

menn á þessum viðkvæmu tímum að standa þétt saman og reyndist nýr leiðtogi þjóðarinnar, Winston Churchill, þar sannarlega betri en enginn, eins og frægt er orðið. Með háfleygum ræðum í útvarpi sannfærði hann landa sína um að barist yrði um holt og hæðir, en að lokum yrði hörmunganna minnst sem merkustu tíma heims- veldisins.

Það er aukaatriði að Churchill flutti þessar ræður ekki sjálfur heldur leikarinn Norman Shelley. Þær höfðu tilætluð áhrif, skilaboðin voru skýr og sannfærandi og það var það sem öllu máli skipti.

Í þeim skafli sem íslenskt efnahagslíf situr nú fast í, er mikilvægt að okkur sé sagt að öllum tiltækum ráðum verði beitt til að lágmarka áfallið og þeim fullyrðingum sé hægt að treysta.

Á fundi Seðlabankans á dögunum sagði Þórarinn G. Pétursson, aðal- hagfræðingur bankans: „Fólk þarf ekki að hafa áhyggjur af því að verðbólga fari hér úr böndunum eins og hefur gerst í fortíðinni, við munum passa upp á það.“ Auðvitað á Seðlabankinn að halda verðbólgu í skefjum, það er hlutverk hans. Það mikilvæga er þó ekki að hann hafi sagt þetta heldur hvernig hann

sagði það. Svipaða sögu má segja af forsætis-, fjármála- og ferðamála- ráðherra auk seðlabankastjóra. Þau hafa itrekað sagt, með trúverðugum hætti, að nóg sé til í vopnabúrinu, núverandi aðgerðir séu ekki endan- legar og óhikað verði gefið í.

Það vorar á endanum og við losum okkur úr skaflinum, við vitum það. Þangað til, reynir á þau sem halda á þeim tækjum og tólum sem hér hefur verið safnað í verkfærakistuna á undanförunum árum til að bregðast við tímabundnu klandri sem þessu. Það er ánægjulegt og uppörvandi að sjá hversu vel hefur verið farið með það mikilvæga hlutverk til þessa.

SUMARVERK EFTIR LANGAN VETUR

ERUM AÐ BÓKA
VERKEFNI FYRIR
SUMARIÐ!

**SJÁUM UM VIÐHALD FASTEIGNA
FYRIR HÚSFÉLÖG, EINSTAKLINGA
OG STOFNANIR**

MÁLUM ALLT SEM
SKIPTIR MÁLI!

**HÁPRÝSTIÐVOTTUR
MÚRVIÐGERÐIR OG MÁLUN
VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ
FÖST VERÐTILBOÐ OG VERKLÝSINGAR
AUÐVELD SAMSKIPTI
ÁBYRGAR TÍMAÁÆTLANIR
REYNSLUMIKLIR FAGMENN
MEÐMÆLI FRÁ FYRRI VIÐSKIPTAVINUM
SENDUM SAMNINGA OG TILBOÐ
RAFRÆNT**



Hjól atvinnulífsins ehf.
Alhliða verktaka
Borgartúni 3
105 Reykjavík

Sími 8446829 / 6624514
hjolatvinnulifsins@gmail.com

Skotsilfur



Háar greiðslur

Háar greiðslur til **Lúðvíks Bergvinssonar**, lögmanns og sérstaks óháðs kunn-áttumanns sem fylgdist með því að skilyrðum í sátt N1 og Samkeppniseftirlitsins vegna kaupa olíufélagsins á Festi sé fylgt eftir, vekja þónokkra athygli. Þannig nam kostnaður af störfum Lúðvíks, sem Festi ber að standa straum af, um 2,8 milljónum króna á mánuði í fyrra. Lúðvík var skipaður kunnáttumaður að kröfu Samkeppniseftirlitsins, sem hafði lagst gegn tillögu félaganna um annan mann í starfið, en lögmaðurinn er einmitt góður vinur Ásgeirs Einarssonar, aðstoðarforstjóra Samkeppniseftirlitsins.



Styðja Ara og Elínu

Búast má við því að hrist verði upp í stjórn Borgunar á aðalfundi greiðslumiðunarfélagsins í næstu viku í kjölfar kaupa Salt Pay á hlutafé félagsins. Nýir eigendur Borgunar eru sagðir vilja áfram hafa þau **Elínu Jónsdóttur** og Ara Danielsson í stjórninni en þau voru á sínum tíma bæði tilnefnd í stjórnina af Íslandsbanka, fyrrverandi meirihluta eiganda félagsins. Eins og fram hefur komið er fjármálaeftirlit Seðlabankans nú með til skoðunar stjórnarhætti í Borgun eftir að eftirlitinu barst nýverið erindi þar sem gerðar voru athugasemdir við meðal annars starfshætti stjórnarformanns félagsins.



Frá Kviku til Júpíters

Anna Rut Ágústsdóttir og Magnús Már Leifsson, sem hafa starfað hjá Kviku banka á síðustu árum, tóku nýverið til starfa hjá dótturfélaginu Júpíter. Sú fyrrnefnda, sem hefur starfað hjá Kviku og forverum bankans frá árinu 2007, meðal annars sem forstöðumaður viðskiptatengsla, gegnir stöðu forstöðumanns fjármála og rekstrar hjá Júpíter en Magnús Már er nýr yfirlögreglæðingur sjóðastýringarfélagsins. Hann hafði áður starfað sem lögreglæðingur hjá Kviku frá árinu 2016 og þar áður hjá LOGOS lögmansþjónustu.



Spáir allt að þrjátíu prósentu atvinnuleysi í Bandaríkjunum



Neyðarástandi var um helgina lýst yfir í New York, einni stærstu fjármálaborg heims, þar sem yfir tuttugu þúsund manns eru smitaðir af kórónaveirunni. Fáir eru á ferli og hefur atvinnulífið að stórum hluta lagst í dróma. Bankastjóri Seðlabanka Bandaríkjanna í St. Louis spáir því að atvinnuleysi í landinu geti farið í þrjátíu prósent á öðrum ársfjórðungi og þjóðarframleiðslan dragist á sama tíma saman um helming. MYND/GETTY

Kröftug viðspyrna með réttum ákvörðunum



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Fyrirtæki í öllum atvinnugreinum verða fyrir áhrifum veirunnar sem breitt hefur úr sér yfir alla heimsbyggðina. Áhrifanna gætir bæði á eftirspurnar- og framboðshlið með tilheyrandi tekjumissi. Samkomubann setur strik í reikninginn og óvist er hvort hægt sé að nýta afkastagetu fyrirtækja til fulls. Þá er ekki hægt að ganga að því sem vísu að fá aðföng annars staðar frá. Heimurinn hefur stækkað talsvert eftir að skyggja tók á gullöld öryggis og alþjóðavæðingar. Einangrun verður meiri, ekki síst með lokun landamæra. Við slíkar aðstæður kemur sér vel að Ísland býr að fjölbreyttum og öflugum iðnaði

sem myndar viðspyrnu á erfiðum tímum og sér landsmönnum fyrir nauðsynjum. Eftir síðasta efnahagsáfall fyrir rúmum áratug tókst okkur að snúa vörn í sókn og styrkja undirliggjandi stöðir hagkerfisins og að því búum við nú. Með réttum ákvörðunum í dag, líkt og þá, getum við myndað kröftuga viðspyrnu og náð okkur aftur á strik auk þess að byggja undir hagvöxt framtíðar með skynsamlegum fjárfestingum. Þannig sækjum við fram á erfiðum tímum.

Byggðum upp höfuðstól

Alþjóðlega fjármálakrisan skall á af fullum þunga með miklum efnahagslegum afleiðingum á Íslandi. Vel tókst til við endurreisn efnahagslífsins í kjölfarið enda voru réttar ákvarðanir teknar við erfiðar aðstæður. Þess vegna er staða Íslands traust í dag og við vel í stakk búin að mæta áföllum. Neyðarlögin og stofnun nýju bankanna voru nokkurs konar fyrsta hjálp. Skuldir heimila voru endurskipulagðar þannig að staða þeirra er miklu sterkari nú en áður. Fyrir-

tæki skulda að sama skapi minna. Þetta voru nauðsynlegar aðgerðir sem skiluðu árangri.

Réttar ákvarðanir við losun fjármagnshafta skiluðu rikissjóði og Seðlabankanum um 600 milljörðum að meðtaldri virðisaukningu eigna. Hinn reyndi lögmaður og ráðgjafi íslenskra stjórnvalda, Lee C. Buchheit, sagði að slík ráðstöfun væri einstök í alþjóðlegri fjármála sögu. Andvirðið var meðal annars nýtt til að greiða niður skuldir ríkissjóðs þannig að hann stendur styrkum stöðum í dag. Þá gjörbreyttist erlend staða þjóðarbúsins og eru erlendar eignir um 22% af vergri landsframleiðslu umfram erlendar skuldir. Þetta skiptir sköpum fyrir getu okkar til að bregðast við stöðunni sem nú er uppi.

Nýtt á gömlum grunni

Áður en veiran fór að valda usla um allan heim voru óveðursský yfir íslensku efnahagslífi. Atvinnuleysi hafði aukist og samdráttar gætti í ýmsum greinum. Aðgerða var þá þegar þörf til að blása lífi í glæðurnar en ekki var hjá þeim komist

eftir að veirufaraldurinn skall á af fullum þunga. Með því að veita kröftuga viðspyrnu strax samhliða því að bregðast við þeirri lausafjárfkrisu sem við blasir geta fyrirtæki staðið af sér storminn og sótt fram þegar óvissu er aflétt. Þá eru tækifæri gripin núna til þess að örva eftirspurn enn frekar til að flýta fyrir batanum, meðal annars í útflutningi. Sérstaklega verður að horfa til verkefna sem geta skilað áhrifum fljótt og hafa jafnframt jákvæð langtímaáhrif. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru jákvætt og nauðsynlegt viðbragð í erfiðri stöðu. Við þessar aðstæður er betra að gera meira heldur en oflitið.

Við höfum treyst of mikið á eina atvinnugrein í einu. Fjármálaþjónusta var vaxtargrein fyrsta áratugar þessarar aldar og svo tók ferðaþjónustan við á öðrum áratugnum. Nú þarf að búa þannig í haginn að hagkerfið nái sér fljótt og örugglega á strik þegar aðstæður leyfa en skapa um leið skilyrði fyrir nýjar atvinnugreinar til að vaxa og dafna svo við séum enn betur í stakk búin að mæta áföllum í framtíðinni.

Ótímabærar launahækkanir



Ásta S. Fjeldsted, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Staða mála í dag er einfaldlega þannig að íslensk fyrirtæki, með dyggri aðstoð stjórnvalda, róa nú öllum árum að því að verja störf í landinu, verðmætasköpun og þar með lífsviðurværi heimilanna. Mitt í þessum stormi standa svo til umtals-

verðar almennar launahækkanir. Ég velti því fyrir mér hvort ekki færi best á því, svo hægt væri að halda fleirum frá atvinnuleysisskrá, að fresta þeim launahækkunum, að minnsta kosti fram á árið.

Ljóst er að útbreiðsla kórónaveirunnar og ráðstafanir til að hamla útbreiðslu hennar hafa þegar haft víðtæk efnahags- og samfélagsleg áhrif. Þessi áhrif munu aðeins aukast á næstu vikum. Ferðaþjónustan er nánast í alfrosti, henni fylgja mörg afleiðd störf sem tapast, auk þess sem einkaneysla og fjárfesting dregst saman. Áhrifanna gætir í nær öllum atvinnugreinum um allt land.

Við þessar aðstæður liggur fyrir að atvinnuleysi eykst verulega. Hins vegar er ekki ástæða til að ætla annað á þessu stigi en að samdráttarskeiðið geti orðið skammvinnnt og því er mikilvægt að reyna að halda fyrirtækjum gangandi með öllum tiltækum ráðum. Hlutabótaúrlausn stjórnvalda hefur þegar sannað gildi sitt t.a.m. þegar kemur að flugrekstri en tvö flugfélög á Norðurlöndum hafa sagt upp um 90% af starfsfólki sínu. Á Íslandi er sú tala ekki nema 5% þó annað starfsfólk þurfi að taka á sig einhverja skerðingu ýmist í formi starfshlutfalls, launalausra leyfa eða launa.

Að óbreyttu mun launakostnaður hækka um tugi milljarða á ársgrundvelli miðað við fyrirbyggjandi launahækkanir. Hafa íslensk fyrirtæki efni á því í núverandi árferði? Einfalda svarið við þeirri spurningu er: Nei. Um þessar hækkanir var samið við allt aðrar aðstæður en uppi eru nú. Mætti ekki a.m.k. slá þeim á frest en skoða um leið hvort að einhverju marki megi verja þá sem lægstu launin hafa?

Það er hagsmunamál allra að halda sem flestum í vinnu, koma sem flestum fyrirtækjum gegnum þessar áskoranir, að sem flestir standi í báða fætur þegar þessum ósköpum lýkur.

Hér ætti allur vinnumarkaðurinn að vera undir. Hið opinbera þarf líka að ganga á undan með góðu fordæmi og það gildir einnig þar að tími til almennra launahækkana verður að biða. Þar er enn fremur fólk í þeirri forrættindastöðu að eiga í bili ekki hættu á atvinnumissi.

Einhver stærsta áskorun okkar samfélags síðustu ár kallar á að allir taki stöðuna alvarlega og sýni samstöðu. Að ráðast í launahækkanir á tímum þegar fjölmörg fyrirtæki eiga á hættu að fara í þrot á næstu mánuðum og auka þannig enn á atvinnuleysið er ekki að mínu viti skilgreining samstöðu.

HEIMAVINNUSTÖÐ

RAFMAGNSBORD + SKRIFBORDSSTÓLL

99.900 kr.



H1 RAFMAGNSBORD

Hirzlunnar eru með minnistýringu sem hámarkar notagildi borðsins.

58.175 kr.

HEAD POINT SY

er einn vinsælasti stóll Hirzlunar fyrir heimili og vinnustaði.

TILBOÐSVERÐ

56.900 kr.



Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is

2019 Fyrirmyndaryrirtæki
í rekstri
Vískaðlaði Skrifborð

SKOÐUN

Helgi Vífill
Júlíusson



Getum þetta

Samtakamáttur þjóðarinnar er mikill um þessar mundir. Við stöndum (þó ekki þétt) saman gegn útbreiðslu kórónaveirunnar. Góð samstaða er ekki sjálfgefin og við megum vera stolt af henni. Á skömmum tíma hafa þremmenningar, sem fáir kunnu skil á áður, orðið eins konar þjóðargersemi. Hér er átt við Ölmú Möller landlækni, Þórólf Guðnason sóttvarnalækni og Víði Reynisson yfirlögregluþjón. Ríkisstjórnin og Seðlabankinn hafa látið hendur standa fram úr ermum og rétt lífvænlegum fyrirtækjum og launþegum hjálparhönd. Þau segja að gert verði enn meira ef á þarf að halda. Það er góðs viti. Flestir í heiminum eru heima til að forða sér og öðrum frá smiti. Heimshagkerfið er frosið og verður það þar til við höfum náð að koma böndum á kórónaveiruna. Þess vegna mun ástandið í efnahagsmálum versna áður en það birtir til. Talið er að landsframleiðsla í Kína hafi skroppið saman um tíu til tuttugu prósent í janúar og febrúar á milli ára. Það góða við frostið er að þegar birtir til verður enn allt til alls; mannauður, fasteignir og framleiðslutæki. Í striði er því ekki að heilsa. Hollt er að rifja upp að eftir seinni heimsstyrjöldina rann upp mikið blómaskeið í efnahagsmálum sem varði í tvo áratugi. Ef efnahagur heimsins gat tekið við sér eftir löng og blóðug átök ætti landsframleiðsla hérlandis að geta nokkuð fljótlega komist í svipað horf og áður þegar kórónaveiran losar klóna, ef rétt er að málum staðið. Eins og áður hefur verið nefnt á þessum vettvangi er staða Íslands og annarra Vesturlanda mun betri en við fjármálahrunið 2008. Fyrir hrún voru íslensku bankarnir allt of stórir miðað við hagkerfið og skuldum hlaðnir í ofanálág. Bankar, bæði hér og víða erlendis, eru nú vel fjármagnaðir. Skuldsetning hér á landi er sömuleiðis mun minni en í aðdraganda bankahrunsins. Auk þess búum við að dígrum gjaldeyrisvaraforða en hann var rýr við bankahrunið. Staðan er því allt önnur og betri til að mæta áföllum. Á meðan við stöndum af okkur storminn er eina ráðið að biða róleg heima. Það er áskorun fyrir foreldra barna að sinna þeim, vinnu og gera heidarlega tilraun til að halda sönsum enda með marga bolta á lofti á fáeinum fermetrum. Án aðstoðar frá öfum og ömmum. Atvinnurekendur þurfa að sýna þessu skilning. En þetta er engu að síður tækifæri fyrir fjölskyldur til að vera saman og ber að nýta eftir bestu getu.



Seðlabankinn með engin gjaldeyrisinngrip

Seðlabanki Íslands greip ekkert inn í gjaldeyrismarkað í síðustu viku, hvorki með kaupum né sölu á gjaldeyri, en samtals nam veltan á markaði 91 milljón evra, jafnvirði um 14 milljarða íslenskra króna, samkvæmt hagtölum bankans.

Gengi krónunnar, sem hafði lækkað nokkuð skarpt vikurnar á undan, styrktist lítillega gagnvart evrunni í liðinni viku.

Víkuna áður, dagana 9. til 13. mars, hafði Seðlabankinn selt gjaldeyri fyrir samtals um átta milljarða króna til að reyna að vega á móti gengis-



Ásgeir Jónsson.

lækkun krónunnar á þeim tíma. Föstudaginn 13. mars nam þannig sala bankans á gjaldeyri um 3,6 milljörðum og hefur hann ekki selt jafnmikinn gjaldeyri á markaði á einum degi frá því að minnsta kosti 2008.

Fram kom í máli Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra á fundi bankans síðastliðinn miðvikudag að hann teldi að meiri stöðugleiki væri að komast á gjaldeyrismarkaðinn. Þá ætti hann ekki von á því að gengislækkun

síðustu vikna myndi hafa mikil áhrif á verðbólguhorfur. – hae

23.03.2020

Þetta eru erfiðir tímar og þeir eiga eftir að versna áður en þeir verða aftur góðir. Við verðum bara að standa saman í gegnum þann erfiða dal.

Þjarni Benediktsson, fjármálaráðherra



Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafn- verðmæt störf



PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar



**Skráðu þig á póstlistann og
fáðu Fréttablaðið sent rafrænt
á hverjum morgni**



**Skráðu þig á frettabladid.is,
á Facebook síðu Fréttablaðsins
eða skannaðu QR kóðann**

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesna dagblað landsins

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Ræstingar

FYRIRTÆKJARÆSTINGAR.
Ódýrar & vandvirkar ræstingar.

Sjá www.fmjthrif.is
FMJ Þrif ehf.

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Málurarar

Málningarþjónusta S: 782-6034.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Trésmíði

TRÉSMÍÐUR

tekur að sér stór og smá verk sanngjarnt verð s 8924624 net sigverktakar@gmail.com

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Barnaheill

Save the Children á Íslandi
Vísir þú að...
Ófærðumir tölur ekkir hafa áhrif á börn.

Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

- Til sölu -
Faxaflóahafnir sf. auglýsa hér með dráttarbátinn Jötunn til sölu:



Helstu kennistærðir:

- Lengd 19,3 metrar
- 95,72 BT
- Togkraftur 26,7 tonn
- Tvær 1.000 h.a. Caterpillar aðalvélar
- Hliðarskrúfa 107 h.ö.

Nánari upplýsingar má sjá á eftirfarandi slóð á heimasíðu Faxaflóahafna:
Faxaflóahafnir.is > Hafnarþjónusta > Dráttarbátar > Jötunn

Báturinn er til afhendingar í höfnum Faxaflóahafna gegn staðgreiðslu. Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum.

Bindandi verðtilboð berist til Faxaflóahafna sf. eigi síðar en kl. 12:00, þann 22. apríl 2020.

Reykjavíkurborg Umhverfis- og skipulagssvið

Hádegismóar – deiliskipulag lýsing

Á fundi skipulags- og samgönguráðs 11. mars 2020 var lögð fram skipulags- og matslýsing vegna gerðs nýs deiliskipulags við Hádegismóa. Um er að ræða deiliskipulag fyrir nýjar höfuðstöðvar Bandalags íslenskra skáta.
Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 17. apríl 2020.
Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is undir skipulag í kynningu.

Reykjavík 25. mars 2020
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAGS-BREYTINGU Í GARÐABÆ GARÐAHVERFI - SKERPLA

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Tillagan gerir ráð fyrir því að skilgreind verði 100 m2 lóð fyrir 30 m2 naust og uppsátur við fjörukamb í landi Katrínarkots þar sem heitir Skerpla. Naustinu er ætlað að vera aðsetur fyrir Kajakklúbbinn Sviða.
Þar sem að Garðahverfi er skilgreint sem verndarsvæði í byggð samkvæmt lögum nr. 87/2015 þá skal tillagan auglýst og send Minjastofnun til umsagnar.
Lóðin er staðsett við svæði sem er friðlýst sem búsvæði (Skerjafjörður) og því er tillagan einnig send Umhverfisstofnun til umsagnar.
Tillögurnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og í þjónustuveri. Þeir sem telja sig eiga hagsmuni að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir til og með 6. maí 2020, annað hvort á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

Tækni- og umhverfissvið Garðabæjar



GRINDAVÍKURBÆR

Grindavíkurbær óskar eftir tilboðum í verkið: Byggingarstjórnun og framkvæmdaeftirlit viðbyggingar við Hópsskóla

Um er að ræða byggingarstjórn og framkvæmdaeftirlit við 2. áfanga Hópsskóla sem er viðbygging við Hópsskóla í Grindavík. Áætlað er að viðbyggingin verði um 1100m² að stærð.
Áætlað er að verktími eftirlitsaðila (byggingarstjóra og framkvæmdaeftirlits) sé frá 1. júní 2020 til 1. október 2021. Gerðar eru ákveðnar kröfur um hæfi, þekkingu og reynslu og aðeins tilboð sem uppfylla þær kröfur verða metin gild.
Verkið skal vinna samkvæmt útboðsgögnum og verkinu telst ekki lokið af hálfu eftirlitsaðila fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar í útboðsgögnum.
Útboðsgögn verða afhent með tölvupóst frá og með 24. mars 2020 kl. 10:00. Beiðni um útboðsgögn skal senda á netfangið atligeir@grindavik.is. Í tölvupósti skal koma fram nafn tengiliðs vegna útboðsins, netfang, símanúmer og nafn fyrirtækis.
Vakin er athygli á að allar fyrirspurnir skal senda á netfangið: atligeir@grindavik.is Fyrirspurnum sem berast með öðrum hætti verður ekki svarað.

Tilboðum skal skila á netfangið atligeir@grindavik.is eigi síðar en kl. 10:00 þann 7. apríl 2020.
Ekki verður haldinn formlegur opnunarfundur en niðurstöður útboðs verða birtar á heimasíðu Grindavíkur-bæjar. Þá verður öllum bjóðendum send niðurstaða útboðs í tölvupósti.

Auglýsing einnig birt á útboðsvef Ríkisskaupa www.utbodsvefur.is.

Skipulags- og umhverfissvið Grindavíkur

Matarboð með Evu



Í KVÖLD

Matarboð með Evu

Eva Laufey fær til sín góða gesti sem eiga það sameiginlegt að vilja ná betri tökum á eldamennskunni. Gestirnir fá að velja sér rétti sem þeir vilja elda og Eva kennir þeim réttu tókin. Gestirnir bjóða síðan sínu fólki heim í matarboð og þá reynir á hvort að leiðsögn Evu nái í gegn.

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1838 Til landsins kemur póstskip sem hraktist frá Dyrhólaey til Noregs og beið færis þar í fjóra mánuði.

1956 Selfoskirkja er vigð.

1975 Vatnsfjörður í Barðastrandarsýslu er friðlýstur, um 100 km² lands.

1992 Alþingi afnemur sjöttu ára gömul lög um bann við löndun úr erlendum fiskiskipum á Íslandi.

2001 Schengen-samstarfið tekur gildi á Norðurlöndunum.



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Birgir S. Hermannsson
Digranesheiði 41, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð
laugardaginn 21. mars. Vegna aðstæðna í
þjóðfélaginu fer útförin fram í kyrrþey.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afpakkaðir en þeim
sem vilja minnast hans er bent á Bláan apríl, styrktarfélag
barna með einhverfu.

Elva Ólafsdóttir

Steingrímur Birgisson

Anna Björk Birgisdóttir

Ólafur Ingi Birgisson

Þórhildur Birgisdóttir

Svanhildur Vilhelmsdóttir

Stefán Hilmarsson

Guðmundur Sveinsson

og barnabörn.



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

Elinborg Sveinbjarnardóttir

lést þriðjudaginn 17. mars.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey en
minningarathöfn verður auglýst síðar,
þegar aðstæður leyfa. Sérstakar þakkir
færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Skjóls fyrir
alúð og umönnun síðastliðin ár.

Sæmundur Guðmundsson

Þórhildur Guðmundsdóttir

Silja Marteinsdóttir

Ásberg K. Ingólfsson

og barnabörn.



Elsku faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Sturla Snæbjörnsson

kennari,
frá Grund í Eyjafirði,

lést á hjartadeild Landspítala við
Hringbraut 22. mars síðastliðinn.

Eftir kistulagningu verður bálför en vegna
aðstæðna í þjóðfélaginu fer jarðarför fram síðar.

Þórður Sturluson

Svandis Sturludóttir

Snorri Sturluson

Guðríður Sturludóttir

Yngveldur Myrra Sturludóttir

Hannes Frimann Sigurðsson

Sævar Örn Sævarsson

börn og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar,
fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Rafn
Ingimundarson**

Furugerði 1,

lést laugardaginn 21. mars
á Landspítalanum í Fossvogi.

Hjördís Guðmundsdóttir

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Hermann Rafn Guðmundsson

Sigurður Kristján Guðmundsson

Birgir Sigmundsson


Jónmundur Þór Eiríksson

Óttar Guðjónsson

Magnea S. Sverrisdóttir

Ásdís Guðmundsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Erni var að áskotnast Við hringvegin eftir Ara Trausta Guðmundsson þegar þessari mynd var smeltt af. MYNDIR/REBEKKA

Æði margir hillumetrar og líka svolítið í kössum

Vefverslanir sanna gildi sitt þessa dagana þegar fólki ber að forðast mannlegt samneyti. Ein slík verslun er undir veffanginu <http://bokmenntir.netserv.is/>. Það er fornbókabúð og bak við hana er Skagfirðingurinn Örn Þórarinnsson, bóndi að Ökrum í Fljótum.

Þækurnar eru hér inni í íbúðarhúsi hjá mér og hingað kemur stundum fólk að skoða í hillurnar. Það selst samt langmest gegnum netið, á slóðinni bokmenntir.netserv.is“ segir Örn Þórarinnsson, bóndi og bóksali á Ökrum í Fljótum. Hann rekur fornbókaverslun og giskar á að titlarnir þar séu hátt í tíu þúsund. „Þetta eru æði margir hillumetrar og svolítið í kössum líka,“ upplýsir hann.

Örn segir framboð af bókum mikið, enda sé útgáfan lifleg í landinu. „Það er oft verið að bjóða mér bækur sem fólk vill losna við, sérstaklega úr dánarbúum. Þeir sem hringja segja oft að unga fólkið hafi engan áhuga á að hafa bækur í kringum sig. Það er dálítið ný staða hjá bókaþjóðinni. Þegar ég var að alast upp fagnaði maður hverri bók.“ Hann kveðst kaupa valdar bækur, ef hann rekist á þær, ýmist vegna eftirspurnar eða bara af því að honum þyki þær merkilegar, þó ekki sé víst að öðrum finnist það. „Ég fer svolítið á nytjamarkaði og í fornbókabúðir, einkum á Akureyri. Góði hirðirinn í Reykjavík er aðeins of langt í burtu.“

Ýmsar bækur Arnar falla undir flokkinn gersemar, þar leynast bækur frá 18. og 19. öld. Hann nefnir eina sem nefnist Evangelisk kristileg Messu-Saungs og Sálma-Bók. Sú er frá 1801. „Hún er örugglega meðal fágætustu bóka minna, prentuð í Leirárgörðum,“ segir hann.

Bókaverslunina hefur Örn rekið á heimili sínu frá árinu 2006. „Ég var búinn að umgangast dálítið tvo menn sem voru mikið í bókum, Ágúst Jónatansson, frændi minn í Reykjavík og Jón Guðmundsson frá Bæ í Reykhólasveit sem var með bókaverslun á Siglufirði í nokkur ár og var útgefandi líka. Þeir



Örn við Ketilás þar sem hann og fleiri geyma bíla vegna snjóskafla í heimreiðum.

höfðu áhrif á mig, það var nú upphafið að þessu.“

Guðrún frá Lundi fæddist í Fljótunum. Örn segir bækur hennar eftirsóttar á landsvísu. „Ég er búinn að senda þær út um allt, það vantar nú ekki.“ Annars er hann ekki með vinsældalista á takteinum. „Það er alltaf hópur sem sækist eftir ljóðabókum, ég held það séu mest safnarar sem jafnvel eru að spá í víska höfundu. Sumir leita að einhverju sem afi þeirra eða amma hafa gefið út og það á ekki bara við um ljóðabækur, heldur um allt mögulegt,“ segir Örn og bendir á að auk þess að skoða bókalistann á vefsíðunni geti fólk hringt í hann eða skrifað tölvupóst á netfangið ornalb@simnet.is ef það sé að velja fyrir sér hvort hann eigi bækur sem það vanti.

Örn hefur átt heima á Ökrum frá sex ára aldri og býr þar einn með 300 fjár á


fóðrum – en ekkert hross og segist líklega vera eini bóndinn í Skagafirði sem engan hest eigi.

Það sér varla á dökkan dil í Fljótunum núna en Örn kveðst hætta að ganga á skíðum, eins og hann gerði á ungdomsárum. „Ég fer yfirleitt á bílnum eða dráttarvélinni það sem ég þarf. Hef ekki komist heim á bílnum þennan mánuð vegna snjóá og geymi hann við Siglu-fjarðarveg, eins og flestir hér í sveit, það er reynt að halda þeim vegi opnum flesta daga, þó það gangi misjafnlega. Þá fer ég á dráttarvélinni þangað, um eins og hálfs kílómetra leið. Þetta er með lengri tímabilum sem ég hef ekki getað haft bílinn nær mér. Það hefur bara gerst tvisvar á seinni árum, 1995 og 2012. En ég held það séu verri veður núna en þá voru. Það hefur oft verið mjög hvasst og þessi vetur hefur verið óvenju erfiður.“ gun@frettabladid.is

Við sýnum ábyrgð og stöndum með almannavörnum

Við aðlögum afgreiðslutíma verslana hratt og í samræmi við fyrirmæli yfirvalda. Við uppfærum upplýsingar um afgreiðslutíma á **byko.is** og á samfélagsmiðlum.

Við höfum skipt verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu í þrjú svæði fyrir viðskiptavinum okkar. Hvert svæði hefur sérinngang og ekki er hægt að fara á milli þeirra nema í gegnum inngang hvers svæðis fyrir sig. Að tilmælum yfirvalda gætum við þess að einungis 20 einstaklingar eru inni á hverju svæði á hverjum tíma.



Við höfum stóraukið þrif í öllum verslunum okkar og hafa viðskiptavinir aðgang að handspritti víða. Allar kerrur og aðrir snertifletir eru sótthreinsaðir reglulega af starfsfólki.

Verslaðu í vefverslun BYKO og fáðu heimsent alla daga samdægurs

Pantaðu fyrir **kl. 14:00** alla daga vikunnar og þú færð vöruna **samdægurs** á höfuðborgarsvæðinu



Frí heim-sending á öllum pöntunum yfir 20.000 kr

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

www.byko.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Egg og Beikon

Alltaf íslenskt



598 kr./pk.

Bónus Egg
10 stk., 675 g



1.698 kr./kg

Bónus Beikon
Íslenskt



2

195 kr./2 l

Pepsi Max, 2 lítrar
Pepsi, 2 lítrar

**SAMA VERÐ
UM LAND ALLT**



770g

359 kr./stk.

Myllan Heimilisbrauð
770 g



198 kr./stk.

Bónus Tebolla
Með súkkulaði, Nýbökud

Froðuhandsápa



329 kr./stk.

Palmolive Froðuhandsápa
250ml, 3 teg.



179 kr./70 g

Salt Skum, 70 g, Surt Skum, 70 g
Supersurt Skum, 70 g



598 kr./pk.

Lucky Charms Morgunkorn
419 g



Verð gildir til og með **29. mars** eða meðan birgðir endast.

Gullverðlaunapylsa

Meistarafélags kjötiðnaðarmanna - 2019



1.298 kr./pk.

ES Kjúklingabringur
Frosnar, 900 g, Danmörk



395 kr./pk.

Bónus Vínarpylsur
485 g, 10 stk.

1.895 kr./pk.

Chick'n Kjúklingavængir
Hot Wings, frosnir, 2,5 kg

2 brauð í pakka



159 kr./pk.

ES Hvítlauksbrauð eða kryddbrauð
Frosin, 350 g



198 kr./pk.

Bónus Pylsubrauð
260 g, 5 stk.



179 kr./1 kg

ES Spaghetti Pasta
1 kg



198 kr./1 kg

ES Fusilli Pasta
1 kg




198 kr./1 kg

ES Gnocchi Pasta
1 kg



198 kr./1 kg

ES Penne Pasta
1 kg



**EKKERT
BRUHL**

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi og Skeifunni: Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík

4 | 5

°C | °C

Ísafjörður

-3 | 4

°C | °C

Akureyri

1 | 15

°C | °C

Egilsstaðir

4 | 5

°C | °C

Kirkjubæjarkl

0 | 3

°C | °C

Hveravellir

-7 | 7

°C | °C

Suðvestlæg átt, 5-13 m/s og él, en úrkomu-meira á Vestfjörðum framan af degi. Bjart að mestu A-lands. Bætur síðan heldur í vind og eljagang. Hiti víða 0 til 4 stig að deginum, en frost 0 til 5 stig norð-austan til.

Fimmtudagur

Reykjavík

3 | 10

°C | °C

Ísafjörður

-3 | 16

°C | °C

Akureyri

1 | 13

°C | °C

Egilsstaðir

3 | 8

°C | °C

Kirkjubæjarkl

1 | 8

°C | °C

Hveravellir

-5 | 13

°C | °C

Föstudagur

Reykjavík

0 | 6

°C | °C

Ísafjörður

-4 | 3

°C | °C

Akureyri

-5 | 1

°C | °C

Egilsstaðir

-4 | 3

°C | °C

Kirkjubæjarkl

0 | 5

°C | °C

Hveravellir

-7 | 4

°C | °C

LÉTT

1		6				3
3	2			1	5	
7		4	5	9		
		5	1	8	4	
2		1				7
6	3	8		2	1	
	9				6	
	6	7		8		
			6	4	2	9

MIÐLUNGS

2		8					5
		3	6				8
4	6		3		8		1
	9		8	6			
3	4	7	1		5		
1			2			5	
6						2	
		1	5	3	6	4	
		4					1

PUNG

3			2				8	4
		6	5				3	2
2			8					
5		3		1				
	1					9		
8		2						1
9	3						5	
7				5				
	2				3	7		9

Krossgáta

LÁRÉTT

1. Skjól
2. Ofsi
3. Borðhald
4. Fugl
5. Tveir eins
6. Samræða
7. Virki
8. Álit
9. Geymir
10. Allslaus

LÓÐRÉTT

1. Þvælast
2. Ágætur
3. Burstabak
4. Gengnar
5. Tepur
6. Dugur
7. Forboð
8. Umstang
9. Tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8				9	
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1. vernd, 5. æði, 6. át, 8. fasan, 10. íl, 11. tilgerð, 9. atorka, 12. barn, 14. vas, 16. uu.
LÓÐRÉTT: 1. væflast, 2. eðal, 3. ris, 4. dænar, 7. tal, 12. borg, 13. svar, 15. tankur, 17. snauð.

Skák

Gunnar Björnsson

Schulenko átti leik gegn Ronis í Riga árið 1985

Hvítur á leik

1. Re6! fxe6 2. dxe6 Re2+ 3. Kg2 1-0!

Skákmót á netinu ganga afar vel og eru vel sótt. Skáksambandið stendur fyrir mótum flesta daga vikunnar og félögin standa einnig fyrir mótahaldi. Sjöunda umferð áskorendamótsins fer fram í dag. Þá mætast tveir efstu menn mótsins; Ian Nepomniachtchi og Maxime Vachier-Lagrave.

www.skak.is: Netmót kl. 19.30 – allir velkomnir!

Dagskráin á Hringbraut

Undir yfirborðið

– með Ásdísi Olsen

„Nú kemur allur skíturinn upp á yfirborðið,“ segir stjörnuspekingurinn Gísli Gunnar Bachmann sem er gestur Ásdísa Olsen á Hringbraut í kvöld, en segir að það verður gott að lifa á eftir þegar öld vatnsberans gengur í garð.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

Pondus

Eftir Fróde Överli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Undir yfirborðið Ásdís Ólsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt. **20.30 Viðskipti með Jóni G.** Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins. **21.00 21 - Fréttapáttur á miðvikudegi** 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringapáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu. **21.30 Saga og samfélag** Saga og samfélag er þáttur þar sem mál-efni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
09.00 Vesturfararnir
09.40 Ferðastíklur Reykjarfjörður á Ströndum
10.15 Á tali hjá Hemma Gunn 1991-1992
11.25 Tiundi áratugurinn
12.10 Venjulegt brjálæði - Með lífið að veði
12.50 Skólahreysti
13.30 Kastljós
13.45 Menningin
14.00 Blaðamannafundur vegna COVID-19
14.40 Andrar á flandri Írland
15.05 Gettu betur 1997 Úrslit.
MH - MR
16.10 Mósaík
16.45 Apollo 8. Leiðangur sem breytti heiminum Apollo 8. The Mission that Changed the World
17.30 Hyggjur og hugtök - Þjóð-ernishyggja
17.40 Bækur og staðir
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Millý spyr
18.07 Friðþjófur forvitni
18.30 Hæ Sámur
18.37 Rán og Sævar
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Kiljan
20.45 Ljós móðirin Call The Midwife VI
21.40 Kappleikur Match
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Undirrót haturs Why We Hate Heimildarþáttaröð úr smiðju Stevens Spielbergs þar sem sá eiginleiki mannsins að geta hatað er rannsakaður út frá sjónarhorni sálfræði, taugavísinda og félagsfræði sem og í sögulegu samhengi. Þættirnir eru ekki við hæfi barna.
23.05 Pólskir dagar - Kennarinn Belfer
00.00 Kveikur Fasteingasjóður GAMMA og kórónufaraldurinn
00.35 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Highlights Hápunktarnir á PGA-mótunum.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Ríðið	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 96,3 FM Suðurland	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,9 Lindin
FM 89,5 Retro	FM 93,5 Rás 1	FM 96,7 Lítt Bylgjan	FM 99,4 Útvarp Saga	
FM 90,1 Rás 2	FM 95,7 FM957	FM 97,7 X-ið	FM 100,5 K100	

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
07.00 Ísland vaknar Bein útsending frá morgunþætti K100.
12.15 Dr. Phil
13.00 Everybody Loves Raymond
13.25 The King of Queens
13.45 How I Met Your Mother
14.10 Dr. Phil
14.55 Single Parents
15.20 Með Loga
16.15 Malcolm in the Middle
16.35 Everybody Loves Raymond
17.00 The King of Queens
17.20 How I Met Your Mother
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 The Good Place
19.40 Will and Grace
20.10 Survivor
21.00 Chicago Med
21.50 Station 19
22.35 Imposters
23.20 The Fix
00.05 Seal Team
00.50 The Resident
01.35 The L Word. Generation
02.30 The Arrangement
03.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö Hornið
15.00 Fréttir
15.03 Samtal
16.00 Siðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Bítta á jaxlinn Binna mín
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Konan við 1000 gráður (12 af 41)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.15 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.35 A.X.L
12.10 Muppets Take Manhattan
13.45 Ocean's Twelve
15.45 A.X.L
17.25 Muppets Take Manhattan
18.55 Ocean's Twelve
21.00 Pitch Perfect 3
00.15 The Green Mile
01.30 My Friend Dahmer
03.15 Pitch Perfect 3

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Gilmore Girls
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Jamie Cooks Italy
10.10 Mom
10.35 Brother vs. Brother
11.10 The Goldbergs
11.35 Fresh off the Boat
11.55 Bomban
12.35 Nágrannar
12.55 Hvar er best að búa?
13.35 Grand Designs. Australia
14.25 Manifest
15.05 Atvinnumennirnir okkar
15.30 The Village
16.10 Ríkki fer til Ameríku
16.35 Hið blómlega bú
17.05 Friends
17.30 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Vikinglotto
19.10 Matarboð með Evu
19.35 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
20.25 Grey's Anatomy
21.15 Abused By My Girlfriend
22.10 High Maintenance
22.35 Sex and the City
23.05 NCIS
23.55 S.W.A.T
00.35 Silent Witness
01.25 Silent Witness
02.15 Death Row Stories
03.00 Gary Gulman. The Great Depresh

STÖÐ 3

15.20 The Simpsons
15.40 Friends
16.00 Friends
16.20 Friends
16.45 Friends
17.05 Friends
17.25 Friends
17.45 Friends
18.10 Friends
18.30 Friends
18.50 Friends
19.15 The Middle
19.35 The Goldbergs
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Middle
21.05 DC's Legends of Tomorrow
21.50 Pretty Little Liars.
22.30 The Last Ship
23.10 Batwoman
23.50 The Goldbergs

STÖÐ 2 SPORT

14.00 Sportið í kvöld Nýr og skemmtilegur íþróttafréttapáttur þar sem sérfræðingar Stöðvar 2 Sport taka fyrir öll helstu íþróttafréttamál dagsins.
15.00 Sportið í dag Nýr og skemmtilegur íþróttafréttapáttur þar sem sérfræðingar Stöðvar 2 Sport taka fyrir öll helstu íþróttafréttamál dagsins.
18.30 Equisana deildin í hesta-íþróttum Umfjöllun um áhugamannadeild Sprettis í hestaíþróttum, Equisanadeildina 2020. Fjallað er um hvert keppniskvöld með ítarlegri umfjöllun og viðtölum við keppendur. Þátturinn er í umsjón Gísla Guðjónssonar og Telmu Tómasson.
20.00 Sportið í kvöld
00.00 Sportið í dag

STÖÐ 2 SPORT 2

00.00 Sportið í kvöld Nýr og skemmtilegur íþróttafréttapáttur.



Menningin heim í stofu í samkomubanni



Alla virka morgna kl. 11

Tónleikaröð Hörpu, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Íslensku óperunnar beint frá Hörpu, á Menningarvef og í sjónvarpi.


RÚV.is og RÚV 2



Fimmtudaga kl. 19.30

Fjölbreyttar tónleikaupptökur með Sinfó samtímis í útvarpi og sjónvarpi. Fyrsta heimsendingin er í boði Víkings Heiðars Ólafssonar og Daníels Bjarnasonar.

Rás 1 og RÚV 2



Þriðjudaga til fimmtudaga kl 16.30

Víðsjá útvarpar ljóðalestri af fjöllum Þjóðleikhússins.

Rás 1



MENNING

LÝKUR UM
MÁNAÐARMÓT

DANSKIR DAGAR Í HÖLLINNI

Við fögnum 55 ára sameiginlegri sögu
Húsgagnahallarinnar og danskrar hönnunar.
Við bjóðum upp á spennandi tilboð fyrir lífandi heimili.
Vertu eins og heima hjá þér – komdu við og fáðu þér sæti.



NÝTT FRÍ HEIMSENDING

ALLAR
DANSKAR
VÖRUR* 20%
AFSLÁTTUR

* Gildir ekki af sérpöntunum og einungis af völdum vörum frá Skovby.



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Reykjavík
Bildshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1

Ísafirði
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is

Þú finnur bæklinginn
fyrir Danska daga á
husgagnahollin.is

Þar finnur þú líka
upplýsingar um
fría sendingu.

HÚSGAGNA
HÖLLIN

www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

LÍFIÐ ER Á
FRETABLAÐID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um
fólk, menningu, tísku, heilsu
og margt fleira.



Ekki missa af neinu, fylgdu
Fréttablaðinu á Facebook



Myndina tók ljósmyndari Fréttablaðsins úr garðinum, skynseminnar vegna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hlakkar til að geta knúsað alla aftur

Hildur nýtir tímann þessa dagana í að skapa tónlist og taka því rólega. Hún stofnaði síðu á Patreon þar sem fólk getur nálgast efni frá henni, hvort sem það er tónlist í beinni eða persónuleg ráðgjöf.

Hildur Kristín Stefánsdóttir tónlistarkona segist hafa það nokkuð gott svona miðað við ástandið. Hún segist nýta tímann til að skapa meiri tónlist og finna lausnir sem henta henni sem listakonu í þessu ástandi. Hildur ákvað að fara nokkuð frumlega leið og stofnaði aðgang að Patreon, þar sem fólk getur keypt aðgang að öllu milli himins og jarðar frá listafólki; efni, tónleikum, kennslu eða einfaldlega spjalli.

„Þetta er auðvitað glatað en ég fann það fljótt að ég yrði að reyna að vera eins jákvæð og peppuð og ég gæti gegnum þetta og fókusa á hvað ég gæti enn þá gert frekar en það sem ég gæti ekki gert. Það hefur gefið mér spark í rassinn til að skapa enn þá meira sérstaklega þegar ég sé svona svart á hvítu hvað það er mikilvægt fyrir alla að hafa góðan aðgang að list. Svo er ég líka búin að æfa mig í að sofa meira. Það er mjög sniðugt og hollt,“ segir Hildur og brosir.

Breiðskífa væntanleg

Mörgum verkefnum Hildar hefur verið frestað og vinnuferðir erlendis settar á ís.

„Ég vinn mikið erlendis svo að það er smá skrítið að vera ekkert að fara út í bráð. En akkúrat núna er ég á fullu að semja og útsetja lög fyrir fyrstu breiðskífuna mína sem er væntanleg með haustinu. Það er töluverð vinna að gera breiðskífu og hingað til hef ég bara gert stutt-skífur en ég algjörlega elska þetta. Finnst alveg geggjað að sökkva mér í lagasmíðarnar. Ég er líka að kenna lagasmíðar í hverri viku í MÍT og sú kennsla heldur áfram í fjarkennslu

**ÉG HELD MAÐUR
VERÐI SAMT AÐ PASSA
SIG AÐ ÆTLA EKKI AÐ SIGRA
HEIMINN Á MEÐAN MAÐUR
HEFUR SMÁ AUKATÍMA.**

meðan aðstæður eru eins og þær eru. Svo var ég líka að búa til Patreon síðu sem er miðill sem ég er mjög spennt að prófa,“ segir Hildur.

Hildur segir Patreon í stuttu máli vera vefsíðu og app þar sem fólk býðst að vera áskrifandi hjá því listafólki sem það hefur áhuga á.

„Það einskorðast samt í rauninni ekki bara við list, þarna er inni líka fólk sem er að gera kennsluefni, tímarit, heimildarþætti og bara alls konar. Með því að gerast „áskrifandi að fólki“ styður þú það í að búa til meira efni,“ segir hún.

Persónuleg ráðgjöf

Hún segist spennt að sjá hvernig fyrirkomulagið hjá henni á Patreon muni þróast.

„Ég er með fullt af hugmyndum en ég ætla líka að þróa þennan miðil í góðri samvinnu við þá sem eru að horfa þar, til þess að passa að þetta verði persónulegt og sem skemmtilegast fyrir alla. Ég hef mikla trú á að framtíðin geti orðið meira svona, að fólk geti persónulega styrkt þá listamenn sem það fílar en ekki bara streymt á Spotify til dæmis þar sem listamaðurinn fær minna en eina krónu á hverja spilun.“

Hún ætlar fyrst og fremst að einbeita sér að tónlistinni sinni á síðunni.

„Svo verður líka svona bak-við-tjöldin efni af mér að gera plötuna ásamt streymi í beinni á bæði

tónleikum og þátttakendum gefst færi á að spyrja mig spurninga ásamt því að ég mun gera ábreiðulög einu sinni í mánuði þar sem ég leyfi áhorfendum að velja hvaða lag ég tek næst. Hins vegar er ég líka með vikuleg kennslumyndbönd í lagasmíðum og alls konar ráð og æfingar fyrir fólk sem vill semja tónlist. Svo fyrir þá allra spennustu býð ég líka upp á persónulega ráðgjöf og einkatíma. Þá getur maður fengið klukkutíma spjall við mig mánaðarlega, það er nú ekki amalegur díll,“ segir Hildur og skellihlær.

Einmanalegt til lengdar

Það þykir eflaust mörgum kjörið að nýta tímann til að læra eitthvað nýtt og fræða sig á tímum sem þessum.

„Ef fólk finnur fyrir áhuga þá segi ég bara endilega að nýta tímann og prófa eitthvað nýtt. Ég held maður verði samt að passa sig að ætla ekki að sigra heiminn á meðan maður hefur smá aukatíma. Það tekur tíma að læra allt nýtt svo að þolinmæðin er besti vinur manns og vissulega verður maður þá líka að halda áfram um leið og sóttkviin er búin. Það meikar engan sens að spila á gítar í átta tíma á dag í tvær vikur og svo ekkert aftur,“ segir hún.

Hildur segist alltaf hafa verið þannig að hún þurfi slatta af tíma fyrir sjálfa sig á milli þess sem hún er félagslynd í kringum aðra.

„Svo að þessi fjarlægð er ekki það erfið fyrir mig, en ég finn að það er nauðsynlegt að reyna að hitta einhverja fjölskyldumeðlimi eða vini inn á milli því ég bý ein og það er vissulega einmanalegt til lengdar. Og ég verð að segja, ég hlakka rosaalega til að geta knúsað alla aftur!“

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson, hlynur@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/ SÉRBLÓÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Guðrún Inga Grétarsdóttir guðruninga@frettabladid.is

tl.is

ERTU KLÁRÍ SLAGINN?



**ÞÚ FÆRÐ ALVÖRU
LEIKJABÚNAÐ HJÁ OKKUR**

steelseries

CORSAIR

elgato

R A Z E R™

PS

ASUS

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

BAKÞANKAR

Davíðs Þorlákssonar



Fordómalaust

Þjóðfélagið snýst um faraldurinn sem gengur nú yfir. Fyrst og fremst öflugar sóttvarnaráðstafanir en líka aðgerðir til að standa vörð um störf. Það er mjög jákvætt hvað samheldnin er mikil og allir eru að leggja sitt af mörkum.

Fordæmalausir tímar kalla á fordæmalausar notkun á frósum í daglegu tali. Sumum verður þó fótaskortur á tungunni og tala um fordómalausá tíma og samgöngubann.

Metnaður til að leggja sitt af mörkum getur þó gengið of langt. Skóli sem ég var í fyrir nokkrum árum, og er í öðru landi, þarft.d. ekki að senda mér u.þ.b. tuttugu tölvupósta um það hvað hann er að gera til að auka hreinlæti á skólalóðinni.

Jákvæðar birtingarmyndir felast í því að fólk hefur lagt til hliðar hina íslensku umræðuhefð sem of oft felst í því að vera ósammála síðasta manni og helst að saka hann um annarlegar hvatir.

Rahm Emanuel, fyrrverandi borgarstjóri Chicago og starfsmannastjóri Hvíta hússins í stjórnmálum Baracks Obama, sagði að við ættum aldrei að láta góða krísu fara til spillis. Í þeim fælist tækifæri til að gera það sem fólk taldi ekki hægt að gera áður.

Hvað ætlum við að gera þegar þessari krísu lýkur? Ætlum við að fara aftur í sama far pólitískra skotgrafa og stéttabaráttu? Hvernig væri að nota þessa krísu til að breyta umræðuhefðinni varanlega og fara að sýna meiri skilning á stöðu og hlutverki hvers annars og vinna saman að því að bæta líf okkar allra? Hvernig væri að viðhalda fordómalausum tímum til langframa?

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

PEPSI MAX
LIME 500 ML

169
KR/STK

338 KR/L



Kvikk
ON THE GO



Stóraukið úrval í Sjónvarpi Símans Premium

Það finna allir í fjölskyldunni eitthvað við sitt hæfi í **Sjónvarpi Símans Premium**. Nýjar íslenskar og erlendar þáttaraðir ásamt glás af talsettu barnaefni. **Svona á sjónvarp að vera!**

Pantaðu áskrift í netspjalli á **siminn.is**



Ótakmarkað gagnamagn

Á meðan á samkomubanni stendur mun Síminn ekki gjaldfæra viðskiptavinum sína fyrir notkun umfram innifalið gagnamagn. Þetta á við um internet tengingar heimila og farsímaáskriftir innanlands, Krakkakort og Þrennu.

siminn.is